



„Það gerist ekki áratugum saman að það sé snjólaust á Akureyri í febrúar. Jörðin er auð og flatirnar grænar. Það væri miklu eðlilegra að það væri verið að leggja gönguskiðabrautir núna,“ segir Bjarni Þórhallsson, formaður Golfklúbbs Akureyrar. Þar var hluti Jaðarsvallar opnaður á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Lík flutt innan um kartöflupoka

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Viða á landsbyggðinni eru ekki líkhús. Getur fólk ekki sætt sig við þessa búsetumismunun. Þetta sagði Jódís Skúladóttir, þingmaður Vinstri grænna á Alþingi í gær. Fram kom hjá Jódísi að er krufning fari fram þurfi oft að flytja lík landshorna á milli með kostnaði og óþægindum fyrir aðstandendur. Óþodlegt sé að lík séu flutt á vörubílum innan um kartöflupoka en það sé raunveruleikinn. ■



Jódís Skúladóttir, alþingismaður Vinstri grænna

Tímasprengjur í ómerktum gröfum með miltisbrandi

Fundist hafa 160 miltisbrandsgrafir á Íslandi sem hættulegt er að raska. Sýklarnir liggja í dvala og geta drepð á örfáum dögum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Dýralæknirinn Sigurður Sigurðarson harmar sinnuleysi yfirvalda varðandi miltisbrandsgrafir sem fundist hafa víðs vegar um landið. Hann og eigin kona hans, Ólöf Erla Halldórsdóttir, hafa ferðast um landið og merkt staðina öðrum til varnaðar. „Ég held að stjórnvöld séu hálfsofandi fyrir þessu, því miður,“ segir Sigurður. „Ef miltisbrandur kemst í meltingarveginn fá menn gríðar-



Ég held að stjórnvöld séu hálfsofandi fyrir þessu, því miður.



Sigurður Sigurðarson, dýralæknir

legar bólgur, blæðingar og drep í meltingarfærin. Ef hann kemst í snertingu við sár á húð verður þar til kolsvart drep. Ef fólk andar þessu að sér getur það fengið lífshættulega lungnabólgu,“ segir hann. Á bilinu 10 til 20 Íslendingar hafa látist af völdum miltisbrands, sem kom margsinnis upp á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Sýkillinn myndar dvalargró og getur dvalið öldum saman neðanjarðar, þar til einhver raskar jarðveginum. „Ef rótað er í smituðum jarðvegi geta menn andað að sér sýklunum, sem er lífshættulegt,“ segir Sigurður. Miltisbrandur getur smitast um opna húð en hættulegast er ef hann kemst í meltingarfærin. **SJÁ SÍÐU 4**



Skelfileg byrjun á verðbólguári

SKOÐUN11

Seðlabankastjóri sé í pólitísku stríði



LÍFIÐ20

Ógurlegustu birnir kvikmyndanna



Vissir þú að Fréttablaðið er lesið 180.000 sinnum í hverri viku?

Líkur á Öskjugosi aukast stöðugt

benediktarnar@frettabladid.is

ELDGOS „Það styttest í gos,“ segir Ármann Höskuldsson, eldfjalla- og jarðefnafræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, en jarðhitamælingar við Öskjuvatn sýna að vatnið sé að hitna jafnt og þétt. Í gær birti Rannsóknastofa Háskóla Íslands í eldfjallafræði og náttúruvá gervihnattarmyndir sem sýndu að jarðhiti við Öskjuvatn hefði aukist verulega það sem af er ári og stór hluti yfirborðsvatnsins væri nú kominn yfir tveggja gráða hita. Ármann segir það óvenjulegt, enda ætti Öskjuvatn að vera hlaðið ís á þessum tíma árs.



Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur við Jarðvísindastofnun HÍ

„Þetta þýðir að jarðhitasprungurnar hafa opnast. Það eru áhrifin af því að það er kvika að renna inn í fjallið og þá gefur þakið sig og sprungurnar opnast. Þá kemst varminn hraðar upp til yfirborðs og þá hitnar vatnið og ísinn bráðnar, vegna hitans sem er að flæða í vatnið,“ segir Ármann. Að hans sögn styttest í að það gjósi á svæðinu. „Við fáum vonandi að vita af því með hæfilegum fyrirvara þegar að því kemur.“ ■

Túrbus í Endómars



„Þetta er alveg eins í laginu og þetta smellpassar við slagorðið okkar, sem er „Blóðug alvara“,“ segir Guðfinna Birta Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Endó-samtakanna – samtaka um endómetríosu, um nýja Túrtappa-strætóinn Túrbus sem vígður var í gær á upphafsdegi Endómars. „Það er ekki nóg með að endó-metríosa sé ekki tekin nægilega alvarlega sem sjúkdómur heldur er hún mjög algeng í þokkabót.“ SJÁ SÍÐU 22

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Býst við hlýjum og þurrum mars

ser@frettabladid.is

VEÐUR Útlit er fyrir að veðrið í mars verði með besta móti, að sögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar veðurfræðings sem var gestur Fréttavaktarinnar á Hringbraut í gærkvöld. Sigurður segir að marsveðrið, sérstaklega fyrri hlutann, verði bæði þurrt og hlýtt. „Hitinn verður að líkindum gráðu hærri en í meðallagi,“ segir hann. Þetta sé sérstakt, einkum og sér í lagi þurrviðrið. Þessu veldur hæðakerfi sem stjórnar veðrinu næstu daga og vikur, í stað þráláts lægðagangs sem einkenndi janúar og febrúar með tíðri ofankomu, slyddu eða rigningu og sögulegum kuldametum. Sigurður segir að búast megi við hrekkjóttum apríl, að því leyti að



Hitinn verður að líkindum gráðu hærri en í meðallagi.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

eitthvert bakslag komi þá í hlýindin, en svo taki brátt að hlýna og horfur séu á góðviðri í vor og vænu sumri. Hann segir að þótt langtímaspár séu auðvitað líka til gamans gerðar, byggji þær á strangvísindalegum gögnum sem lesi framtíðina í ljósi fyrri veðurtímabíla og gefi góðar vísbendingar um komandi tíð. ■

Hnúfubakarnir þrír halda enn til í Hafnarfjarðarhöfn

Hvalaskoðunarbátar þurfa varla að fara frá bryggju til að sýna gestum hnúfubakana sem hafa haldið til í höfninni í Hafnarfirði. Viðfangsefni Haf-rannsóknastofnunar blasa við starfsfólki út um gluggann.

benediktboas@frettabladid.is

NÁTTÚRA „Það er mjög gaman að fá viðfangsefnið bara til sín í staðinn fyrir að leita það uppi,“ segir Sverrir Daniel Halldórsson, líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, en hnúfubakar í Hafnarfjarðarhöfn hafa glatt starfsmenn stofnunarinnar og gesti og gangandi í rúma tíu daga.

Þrír hnúfubakar hafa gert sig heimakomna í höfninni og eru að eltast við smásild. Yfirleitt er um þrjá hvali að ræða, tvo smærri og einn stærri. „Þeir hafa verið hérna fyrir utan gluggann hjá okkur og við njótum sýningarinnar,“ segir Sverrir.

Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, segir að höfnin sé orðin vinsælli en ella eftir að þessir óvæntu gestir birtust. „Það er mikil ánægja meðal bæjarbúa. Við erum að fá löðningar frá bátunum og það er nóg æti alveg upp í fjöru. Það er mikið af smásild að koma inn fjörðinn og hnúfubakarnir elta.

Tilgátan er að sildin sé að eltast við ferskvatnið því lækurinn rennur út í fjörð og það er því ferskblandað innst í firðinum,“ segir Lúðvík.

Hvalaskoðunarbátarnir hafa fært sig úr Reykjavíkurhöfn og yfir til Hafnarfjarðar þar sem fólk þarf varla að stíga um borð til að fá sýningu hafsins beint í æð.

„Það er gestagangur inn í bæinn út af hvölunum. Hvalabátarnir hafa verið hér alla daga og mikið af fólki sem er að ganga með strandstignum



Hafnirðingar og gestir bæjarins hafa notið sýningarinnar í höfninni undan-farna tíu daga.

MYND/JÓHANN INGI SIGTRYGGSSON



Við erum að verða hálfgerður Hvala-fjörður.



Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri

og fylgjast með. Við erum að verða hálfgerður Hvalafjörður,“ segir Lúðvík og hlær.

Besti tíminn til að sjá hvalina er að sögn Lúðvíks þegar flæðir að. Höfnin sé um um átta metra djúp utan við en grynki þegar innar er komið.

„Einn hefur farið alveg inn í Flensborgarhöfn. Alveg inn undir smábátana. Það hefur komið á óvart hversu innarlega sá fór.“

Í frétt Hafró um hnúfubakana segir að tveir þekktir á mynd en hægt sé að nota útlitseinkenni til að greina einstaklinga. Hafrannsóknastofnun á Ísafirði náði myndum af öðrum þeirra í Ísafjarðardjúpi árið 2021 og hinn sást á Húsavík sama ár.

Þá segir að stofninn sé um 14 þúsund dýr og hafi verið stöðugur í um 20 ár. Hann var mun minni en samfara þessari aukningu í kringum landið hefur hrefnu fækkað, og hnúfubakar því velt hrefninni úr sessi sem ráðandi tegund skiðishvala við strendur landsins.

Enda segir Lúðvík að hvalaskoðunarfyrirtækin séu að sigla aðeins nokkra metra frá hafnarbakkanum.

„Þeir þurfa ekkert að fara langt og rúlla bara út í miðja höfn. Það er allt á staðnum hér í Hafnarfirði eins og þekkt,“ segir Lúðvík. ■

2 FYRIR 1

á kver.is – kr. 2.999

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

GRÆNN IÐNGARÐUR

Einstakt tækifæri í atvinnuhúsnæði



Reykjanesklasinn býður fyrirtækjum að verða partur af grænum iðngarði í 10 mínútna fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli.

Grænir iðngarðar eru klasar fyrirtækja sem staðsett eru á sameiginlegu svæði. Markmið garðanna er að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í hringrásarhagkerfinu.

Um er að ræða 35.000 fermetra af húsnæði sem hægt er að skipta niður í minni einingar sem henta fjölbreyttri starfsemi. Dæmi um rými:

- **20.000 fermetra húsnæði** með 5 – 14 metra lofthæð sem má skipta niður í minni einingar.
- Steypt **450 fermetra rými** með 8-9 metra lofthæð og kjallara með 3,5 metra lofthæð.
- **2.000 fermetra** steypt rými undir skrifstofur, rannsóknir, blautrými, frumkvöðlasetur og kennslu auk kjallara sem nýta má á marga vegu fyrir rannsóknir, þróun og framleiðslu.
- **16.000 fermetra** aflokað útisvæði.



Nánari upplýsingar veita:
Kjartan Eiríksson | 892 9070
kjartan@airportcity.re

Þór Sigfússon | 618 6200
thor@sjavarklasinn.is



Grái herinn áfrýjar til Mannréttindadómstóls Evrópu

ser@frettabladid.is

DÓMSMÁL Forkólfar hópsins Gráa hersins hyggjast áfrýja dómi Hæstaréttar Íslands frá byrjun nóvember á síðasta ári í málum þriggja liðsmanna hans til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg og hafa málin þegar verið send dómstólum.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Gráa hernum, en þar segir jafnframt að með áfrýjuninni sé gerð

úrslitatilraun til að fá það viðurkennt að núgildandi skerðingarreglur almannatryggingalaga séu úr hófi og standist hvorki íslensku stjórnarskrána né Mannréttinda-sáttmála Evrópu.

„Við neitum að gefast upp í þessu máli,“ segir Helgi Pétursson, formaður Landssamband eldri borgara.

Mál þremmenninganna, þeirra Ingibjargar Sverrisdóttur, Sigríðar J. Guðmundsdóttur og Wilhelms



Helgi Pétursson, formaður LEB

Wessman, á hendur ríkinu, hafi að sögn Gráa hersins ekki snúist um fjárkröfur þeim til handa, heldur hafi tilgangurinn verið að freista þess að ná fram niðurstöðu, sem myndi neyða ríkisvaldið til að breyta regluverki almannatrygginga í það horf að það samræmðist grundvallarreglum réttarríkisins.

Með dómnum hafi Hæstiréttur hins vegar hafnað öllum rökum kærendanna og gefið ríkinu grænt ljós á gildandi skerðingarreglu-

verk. Rétturinn viðurkenni þó að umræddu svigrúmi séu einhver takmörk sett, en láti þó ógert að upplýsa hvar þau mörk liggi og veiti því litil sem engin svör við því sem fyrir hann hafi verið lagt.

„Við teljum einfaldlega að Hæstiréttur hafi ekki tekið afstöðu til okkar kæruatriða og förum því með málið á meginlandið,“ segir Helgi Pétursson.

„Við ætlum að láta reyna á þetta alla leið,“ bætir Helgi við. ■

Ráðherra segir af sér eftir lestarslys

ragnarjon@frettabladid.is

GRIKKLAND Costas Karamanlis, samgönguráðherra Grikklands og fyrrverandi forsætisráðherra, sagði af sér í gær eftir eitt alvarlegasta lestarslys í sögu landsins. Hann segist taka fulla ábyrgð á mistökum gríska ríkisins í málinu.

Stöðvarstjóri hefur verið ákærður fyrir manndráp. Minnst 38 létust eftir að farþegalest rakst á flutningalest á leið frá Aþenu til Þessalóníku. Um 350 manns voru um borð. ■

Lightfoot nær ekki endurkjöri

ragnarjon@frettabladid.is

BANDARÍKIN Lori Lightfoot, borgarstjóri Chicago, hlaut ekki útnefningu til embættis borgarstjóra og mun því ekki ná endurkjöri. Verður hún fyrsti borgarstjóri Chicago í yfir 40 ár sem ekki nær endurkjöri.



Lori Lightfoot, borgarstjóri í Chicago

Lightfoot er fyrsta svarta konan sem gegnir embættinu ásamt því að vera fyrsti samkynhneigði einstaklingurinn sem gegnir því.

Mikil glæpaalda hefur gengið yfir Chicago á stjórnartíma Lightfoot en hún þykir ekki hafa brugðist nægilega við, sem talið er hafa skaðað álit kjósenda á henni. ■

Dýralæknir segir stjórnvöld sofandi fyrir hættu af miltisbrandsgröfum

Á Íslandi eru 160 þekktar miltisbrandsgrafir. Óþekktar eru sennilega mun fleiri. Ef jörð er raskað í slíkri gröf getur lífshættulegur sýkill losnað úr læðingi og drepíð manneskju á örfaum dögum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Miltisbrandsgrafir víða um land eru tifandi tíma-sprengjur. Brýnt er að fólk sé vakandi fyrir einkennum sjúkdómsins. Sýkillinn getur lifað neðanjarðar í dvala í hundruð ára og vaknað við jarðrask.

„Ég held að stjórnvöld séu hálf-sofandi fyrir þessu, því miður,“ segir Sigurður Sigurðarson dýralæknir sem hefur skrifað um og varað við þessum gröfum í 18 ár. Hann og Ólöf Erla Halldórsdóttir, eiginkona hans, hafa ferðast um landið á eigin kostnað og merkt grafirnar. Það er að segja þær sem er vítað um.

„Ef rótað er í smituðum jarðvegi geta menn andað að sér sýklunum sem er lífshættulegt,“ segir Sigurður. „Ef miltisbrandur kemst í meltingarveginn fá menn gríðarlegar bólgur, blæðingar og drep í meltingarfærin. Ef hann kemst í snertingu við sár á húð verður þar til kolsvart drep. Ef fólk andar þessu að sér getur það fengið lífshættulega lungnabólgu.“

Horfur fara eftir því hversu fljótt fólk áttar sig. Fúkkalyf vinna á sjúkdómnum en annars getur fólk dáðið, jafnvel á tveimur til þremur dögum ef þetta kemst í meltingarfærin og þá fylgja miklar kvalir.

Sigurður hefur skrifað skýrslur um miltisbrand fyrir ráðuneyti, sveitarstjórnir og meira að segja ábúendur einstakra jarða þar sem hann hefur grasserað áður fyrr. Sig-



Merkt miltisbrandsgröf stendur við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ef miltisbrandur kemst í meltingarveginn fá menn gríðarlegar bólgur, blæðingar og drep í meltingarfærin.



Sigurður Sigurðarson, dýralæknir

urður segir nauðsynlegt að merkja vel alla staði til að jörð sé ekki raskað. En meðal þekktra miltisbrandsgrafa má nefna Klambra-tún, við Hlemm, á Jöfríðarstöðum í Hafnarfirði og við Suðurströndina á Seltjarnarnesi. Alls eru 160 þekktar grafir á 130 stöðum. Vandinn er hins vegar sá að grafirnar eru vafalaust mun fleiri, og sums staðar er nákvæm staðsetning ekki þekkt.

Miltisbrandur kom til Íslands á ósútuðum húðum stórgripa, hesta og nautgripa, til leðurgerðar. Danskir kaupmenn fluttu inn húðirnar frá Asíu og Afríku þar sem miltisbrandur er enn landlægur. Fyrsta staðfesta tilfellið á Íslandi kom upp árið 1866 í Miðdal í Mosfellssveit. Þar drápu 30 stórgripir á tveggja ára tímabili. Lýsingar á eldri sjúkdómstilfellum á Íslandi geta þó átt við miltisbrand.

Næstu áratugi komu reglulega upp miltisbrandstilfelli. Voru gripir samstundis grafnir en ekki brenndir eins og nú yrði gert. Á annan tug

manna dó úr sjúkdómnum. Meðal annars karlmaður í Vestmannaeyjum fyrir tæpum 100 árum.

„Hann var að raka húð á beru hnenu og skar sig. Þar með sýktist hann og dó,“ segir Sigurður.

Jaðarkot í Flóa er nýjasta miltisbrandsgröfin sem fundist hefur, en Sigurður hefur fengið ábendingar úr rituðum heimildum og munnmælum. Síðasta tilfellið var á Vatnsleysuströnd þar sem þrjú hross drápu og það fjórða var felld eftir að hafa etið úr sýktu beitilandi. Hrossin höfðu gengið í hólfi við sjóinn nálægt stað þar sem gróf sýkts stórgrips var í sjávarkambi. Sjórinn hafði smám saman rutt kambinn og dreift sýklunum yfir beitilandið.

Sýklarnir mynda dvalargró sem lifa ekki á yfirborðinu því sólin eyðir þeim. En neðanjarðar lifa þau lengi. Alvarlegast er ef fólk eða dýr innbyrðir eitthvað sem inniheldur gröin, svo sem vatn, mat eða fóður. ■

Uppfærð miðlunartillaga á borðinu

erlamaria@frettabladid.is

KJARAMÁL Yfirstandandi verkföllum Eflingar hefur verið frestað í kjölfar miðlunartillögu sem settur ríkissáttasemjari, Ástráður Haraldsson, lagði fram í gær í kjaradeilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.

Miðlunartillögunni svipar til þeirrar tillögu sem lögð var fram í lok janúar og gerir ráð fyrir fullri afturvirkni til 1. nóvember og svipuðum samningi og Starfsgreinasambandið hafði samið um við SA.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri tillögu. Þær taka meðal annars til aukagreiðslu til oliubílstjóra Skeljungs og Óliudreifingar, ábata til hafnarverkamanna og bílstjóra Samskipa, breytinga á starfsheiti starfsfólks á gistiúsum og breytinga á röðun í launaflokka.

Tillagan fer í rafræna atkvæðagreiðslu hjá SA og Eflingu. Hefst hún



Ástráður Haraldsson, settur ríkissáttasemjari, lagði fram miðlunartillögu í gærmorgun í kjaradeilu SA og Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

á hádegi á morgun. Henni lýkur svo miðvikudaginn 8. mars og munu niðurstöður ligga fyrir samdægurs.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segist ekki sátt við það að Samtök atvinnulífsins hafi neitað að gera kjarasamning við Eflingu.

„Þetta er ekki kjarasamningur sem samninganefnd Eflingar hefur gert við deiluaðila. Þetta er miðlunartillaga. En ég met það svo á þessum tímamarki að þetta sé sú niðurstaða sem unað verði við,“ segir Sólveig Anna. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ

á [kver.is](#) – kr. 2.999

Fyndin og frumleg bók fyrir lesendur á aldrinum 6-106.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Parket útsala



Parket
útsöluþlað
Skannaðu kóðann



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Allir út á gólf

Parket og flísar 25-50%



All voru seldar 172 Teslur í febrúar.

Tesla mest seldi bíllinn í febrúar

ser@frettabladid.is

BÍLASALA Tesla var mest selda bifreiðategundin í nýliðnum febrúar með 172 selda bíla og skaut þannig Toyota aftur fyrir sig með 98 selda bíla, en síðarnefnda tegundin hefur jafnan verið mest selda bifreiðin á Íslandi. Þetta kemur fram í samantekt Bilgreinasambandsins.

„Rafbílar eru vinsælastir af nýjum bílum, nálega 40 prósent af fjöldanum,“ segir þar, en tengiltvinnbílar koma þar á eftir með næstum 18 prósent af sölunni, hybrid-bílar eru með tæplega 16 prósent, dísil 15 prósent og bensínið dregur lestina með hálft tólfta prósent.

40%

Rafbílar eru vinsælastir af nýjum bílum, nálega 40 prósent af fjöldanum.

Sala nýrra fólksbíla í febrúar jókst um 6 af hundraði miðað við febrúar í fyrra, en alls voru skráðir 935 nýir fólksbílar nú en voru 882 í fyrra, að því er fram kemur í samantekt Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Bílasala í öllum flokkum er þó aðeins minni fyrstu tvo mánuði ársins samanborið við sama tíma fyrir ári. Í ár hafa selst 1.668 nýir fólksbílar samanborið við 1.767 nýja fólksbíla í fyrra.

Það sem af er ári hafa selst 805 nýir fólksbílar til einstaklinga en í fyrra á sama tíma var sala til einstaklinga 941 nýskráður fólksbíll. Er því samdráttur í sölu til einstaklinga ríflega 14 prósent það sem af er ári. ■



Guðjónína Sæmundsdóttir með Paola Cardenas, formanni innflytjendaráðs, og Guðmundi Inga Guðbrandssyni félagsmálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fylgdarlaus börn læra fjármálalæsi

Á Suðurnesjum er nú unnið að því að styðja við fylgdarlaus ungmenni með því að kenna þeim ýmsa grunnfærni og íslensku svo þau síðan komist í framhaldsskóla eða á vinnu-markað. Í fyrra komu um 80 fylgdarlaus börn til landsins.

lovisa@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK Fylgdarlausum börnum hefur fjölgað mikið samhliða aukningu flóttafólks til landsins. Verkefnið Stuðningur við fylgdarlaus ungmenni er eitt af nitján sem fengu styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála fyrr í vikunni.

„Flugvöllurinn er í bæjarfélaginu og því er það félagsþjónustan hér sem tekur við börnunum þegar þau koma,“ segir Guðjónína Sæmundsdóttir sem stýrir verkefninu en það er rekið af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Guðjónína segir sveitarfélagið

”

Maður býr í svo mikilli búbbu að maður getur ekkert ímyndað sér hvernig þetta er.

Guðjónína Sæmundsdóttir

á sama tíma standa frammi fyrir ýmsum nýjum áskorunum.

„Við komum þarna inn því við erum símenntunarmiðstöð og þjónustum innflytjendur með íslensku og ýmsum námskeiðum,“ segir hún

en í verkefninu er að mestu horft til ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára en einnig til ungmenna upp að 20 ára sem kannski koma hingað með lítið bakland.

Guðjónína segir að við komu sé það metið hvort börnin geti farið í framhaldsskóla en að mörg þeirra séu ekki tilbúin og þurfi að skerpa á annarri færni fyrst.

„Sum tala ensku, en ekki öll, og það getur þurft að vinna með þeim áður en þau halda í framhaldsskóla,“ segir hún. Í janúar hefur verið haldið utan um lítinn hóp fylgdarlausra barna sem hafa til dæmis fengið kennslu í íslensku, matreiðslu, að kaupa í matinn, fjármálalæsi og leiðbeiningar um ýmsa grunnfærni sem fólk þarf til að geta hugsað um sig sjálf.

Hún segir að styrkurinn frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu geri þeim kleift að þróa verkefnið frekar og hafa fleiri hópa.

„Maður býr í svo mikilli búbbu

að maður getur ekkert ímyndað sér hvernig þetta er. Þetta eru kannski 16 ára krakkar sem eru komnir einir alla leið frá Afríku. Það er ánægjulegt að geta haldið þessu áfram því maður sér ekki endilega fram á að þetta breytist. Fólk mun halda áfram að koma hingað og við þurfum að bregðast við því. Fólk er á leið sinni búið að ganga í gegnum ýmislegt.“

Tveir starfsmenn símenntunarmiðstöðvarinnar sinna verkefninu en auk þess taka þau inn verktaka sem sinna námskeiðskennslu. Stöðugildin eru um fjögur.

„Takmarkið með þessu er að gera þau sjálfbær. Sem fylgdarlaus börn eru þau undir hlífiskildi sveitarfélagsins en um leið og þau verða 18 ára eru þau ein og við viljum að þau séu tilbúin að takast á við það sem biður þeirra, sama hvort það er í framhaldsskóla eða á vinnumarkaði. Við horfum ekki á neina eina leið, aðra en að þau séu tilbúin.“ ■

Jafnaðarmenn á Norðurlöndum einhuga um að byggja upp varnir

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Varnar- og öryggismál voru í algleymingi á leiðtogafundi norrænna jafnaðarmannaflokka og verkalyðsfélaga í Helsinki. Var því fagnað að öll Norðurlöndin væru komin á sömu blaðsíðu eftir að Svíþjóð og Finnland sóttu um aðild að Atlantshafsbandalaginu.

„Það gæti svo farið að Finnar myndu fara fyrir inn í NATO en Svíarnir fylgdu svo í kjölfarið,“ segir Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sem sat fundinn ásamt Kristjáni Þórði Snæbjörnssyni, forseta Alþýðusambands Íslands.

Á fundinum voru bæði Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, og Magdalena Andersson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, sem sóttu saman um aðild að NATO. Sérstakur gestur á fundinum var Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri bandalagsins.

„Úkraínustríðð var það sem stóð

”

Það gæti svo farið að Finnar myndu fara fyrir inn í NATO en Svíarnir fylgdu svo í kjölfarið.



Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Samfylkingarinnar

hæst. Jens hélt þarna ræðu sem fór að stórum hluta í að fara yfir hvernig inngöngu Svía og Finna yrði háttað í NATO,“ segir Guðmundur.

„Stoltenberg sagði að þetta myndi gerast rólega og vísaði í samtöl sín við Erdogan, forseta Tyrklands. Það voru allir sammála um að það væri hægt að gera þetta í stigum.“ Löndin tvö væru í raun komin undir regnhlíf og vernd NATO þótt þau væru ekki formlegir aðilar enn þá. Öll Norðurlöndin eru svo saman í varnarbandalaginu JEF.

Voru jafnaðarmenn einhuga um að treysta varnir sínar og hétu almennum áframhaldandi stuðningi við Úkraínu. „Ég lagði mikla áherslu á að við horfðum lengra fram í tímann. Hvað tæki við þegar sigurinn er unninn. Það þarf að endurbyggja Úkraínu og endurbyggja Evrópu,“ segir Guðmundur. Við uppbyggingu varna megi þó ekki missa boltann í því verkefni að byggja upp og viðhalda velferðinni. ■

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



FYRIR



EFTIR

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

MATVÍS

AÐALFUNDUR

Aðalfundur MATVÍS (Matvæla-og veitingafélags Íslands) verður haldinn í Húsi Fagfélaganna, Stórhöfða 31 miðvikudaginn 29. mars nk. kl. 16.00.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.



Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 2.–5. mars

Súpukjöt

855 kr/kg
1.069 kr/kg



STJÖRN
GRIS

36%

Grísakótilettur,
fulleldaðar

1.855 kr/kg
2.899 kr/kg



NORÐLENSKA



Lambalæri með
suðrænni kryddblöndu

2.239 kr/kg
3.199 kr/kg

Apptilboð - afsláttur í formi inneignar



Cashew-kjúklingur
í ostrusósu,
fyrir 3



Massaman-karrí
með kjúklingi,
fyrir 3



Lambalærissneiðar,
1. flokkur



Epli
Pink Lady, 4 stk.

433 kr/pk
619 kr/pk


Apptilboð - afsláttur í formi inneignar



Pad thai-núðlur
með kjúklingi,
fyrir 3



Svínakjöt í
súrsætri sósu,
fyrir 3



Safnaðu
inneign og
fáðu betra
verð á
matvöru með
Samkaupa-
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

FRÉTTASKÝRING



Samkvæmt nýjustu könnun segja 32 prósent íbúa í Wales að þau myndu kjósa sjálfstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tímaspursmál hvenær Wales fær sjálfstæði



Helgi Steinar Gunnlaugsson
helgisteinar@frettabladid.is

Stuðningur við sjálfstæði Wales meðal íbúa þar í landi er á uppleið samkvæmt skoðanakönnunum. Þingkona í velska þinginu í Cardiff segir í samtali við Fréttablaðið að breska konungsveldið muni bráðum liða undir lok.

Sjálfstæðisumræðan í Skotlandi og Wales hefur færst verulega í aukana eftir að Bretland yfirgaf Evrópusambandið. Skortur er á bæði varningi og erlendu vinnuafli og útflutningsaðilar sem nutu góðs af aðgangi að evrópskum markaði glíma nú við flókið viðskiptaumhverfi og mikla pappírsvinnu.

Breska ríkisstjórnin hefur einnig verið gagnrýnd fyrir að taka ekki áhrifin sem Brexit myndi hafa á Norður-Írland inn í myndina þegar sú ákvörðun var tekin. Þau þrjú lönd sem hafa myndað Bretland með enskum nágrönnum sínum í gegnum aldirnar endurhugsa nú stöðu sína og velja því fyrir sér hvort framtíð þeirra sé einfaldlega bjartari sem sjálfstæðra þjóða utan breska konungsveldisins.

Skotar kusu um sjálfstæði árið 2014 og munaði litlu að það yrði að veruleika. Skoski efnahagurinn var hins vegar mjög háður útflutningi á olíu til Evrópu og var það ein ástæða þess að Skotar kusu að yfirgefa ekki breska konungsveldið. Þeir ensku stjórnálamenn sem voru mótfallnir sjálfstæði Skota minntu skoska kjósendur á að útganga úr breska konungsveldinu myndi jafngilda útgöngu úr Evrópusambandinu.

Tveimur árum síðar ákváðu Bretar að yfirgefa Evrópusambandið og fannst mörgum Skotum, sérstaklega þeim sem kusu að yfirgefa ekki ESB, eins og Englendingar hefðu svikið þá.

Umræðan um sjálfstæði hefur einnig orðið háværari í Wales, en hún hefur að visu ekki verið eins áberandi og í Skotlandi. Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar. Löndin fjögur sem mynda Bretland hafa öll



Westminster er bara rödd fyrir þá sem hafa peninga og völd nú þegar.



Delyth Jewell,
velsk þingkona
Plyd Cymru



Sjálfstæði er eina leiðin fyrir okkur til að tryggja framtíð velskra barna.



Gwern Gwynfil,
leiðtogi
YesCymru

mismunandi tengsl við ríkisstjórnina í London.

Aldursskipting og fylgni

Gwern Gwynfil, leiðtogi sjálfstæðis-samtakanna YesCymru, segir að stuðningur við sjálfstæði skiptist mjög eftir aldri. Hann segir að því eldra sem fólk sé, því líklegra sé það til að vera mótfallnið sjálfstæði. Yfir 20 prósent íbúa í Wales eru 65 ára og eldri og meðal þeirra eru ekki nema 16 prósent sem styðja sjálfstæði. Hann segir að þessi aldurshópur sé einnig tvöfalt líklegri til að kjósa en þeir sem eru yngri.

„Hver einasta skoðanakönnun sem hefur verið gerð undanfarin ár sýnir aukinn stuðning við sjálfstæðisbaráttu Wales. Þessar kannanir sýna líka að þeir sem eru 16 til 24 ára eru að yfirgnæfandi meirihluta fylgjandi sjálfstæði. Það er aðeins tímaspursmál hvenær Wales fær sjálfstæði,“ segir Gwern.

Samkvæmt skoðanakönnun hjá breska rannsóknar- og upplýsingafyrirtækinu YouGov var stuðningur við sjálfstæði Wales árið 2014 í kringum 21 prósent en í október 2022 var stuðningurinn kominn upp í 32 prósent.

Söguleg mismunur

Delyth Jewell, þingkona Plyd Cymru-flokksins, sem situr á velska þinginu tekur í sama streng og segir að breska konungsveldið muni bráðum liða undir lok. Hún telur að Skotland verði sjálfstæð þjóð fyrr en síðar og býst við að Norður-Írland muni sameinast Írlandi á ný. Flokkur hennar berst fyrir sjálfstæði Wales en hún segir að ákvörðunin um sjálfstæði liggi fyrst og fremst hjá fólkinu.

„Það sem ég vil ekki sjá er að Wales verði sjálfstætt bara af því allir aðrir eru að skilja við Englendinga. Ég vil að Wales öðlist sjálfstæði vegna þess að fólk í Wales vill það,“ segir Delyth.

Hún segir að Wales sé í raun fæðingarstaður iðnbýltingarinnar þar sem breska konungsveldið var knúið áfram af velskum kola-

námum. Hvað varðar sögu og auð heimsveldisins þá var það augljóst að Bretland naut góðs af þeim auðlindum sem komu frá Wales, en sá gróði skilaði sér síðan aldrei aftur til velskra samfélaga.

„Það eru bara þeir sem búa í suðausturhluta Englands sem njóta góðs af þessu núverandi kerfi. Nánast hvert einasta svæði utan við höfuðborgina glímur við fátækt vegna þess að allt snýst um gróða fyrir London. Það mætti líka segja að margir Englendingar hafi jafnvel enga rödd í umræðunni vegna þess að Skotar og íbúar í Wales hafa að minnsta kosti sín eigin þing. Westminster er bara rödd fyrir þá sem hafa peninga og völd nú þegar.“

Fátæktin er að aukast

Gwern og Delyth eru bæði samstíga um að eitt skýrasta dæmi um ríka þörf á breytingum innan breska konungsveldisins sé hversu mikil fátækt er meðal barna í Wales. Eitt barn af hverjum þremur lifir í fátækt í landinu og er algengt að kennarar mæti með próteinstangir fyrir börn sem fá ekki nægilega mikið að borða heima hjá sér.

„Íbúar í Wales hafa litla sem enga rödd í Westminster, sem þýðir að sjálfstæði er eina leiðin fyrir okkur til að tryggja framtíð velskra barna. Stjórnvöld í London munu aldrei hugsa jafnvel um Wales og þá sem fara með völdin í landinu,“ segir Gwern.

Delyth segir það einnig skelfilega tilhugsun hversu Bretar séu orðnir vanir því að tala um matarbanka í nútímasamhengi. Hún tekur sem dæmi hjúkrunarfræðinga sem vinna við að halda fólki á lífi en þurfa svo matvælaaðstoð til að framfleyta sér sjálfum.

„Það er ekkert fátækt við Wales í sjálfa sér. Við erum með miklar auðlindir og harðduglegt fólk sem vinnur jafn vel og allir aðrir þegar tækifærin eru fyrir hendi. Vandamálið er að við erum bara búin að vera í svo ósanngjörnu sambandi í svo langan tíma,“ segir Delyth. ■



Eitt af hverjum þremur börnum í Wales lifir við fátækt.

Útgjaldapensla ríkisins verðbólguhvetjandi

Seðlabankinn er einn í baráttunni við verðbólguna og hvorki ríkið né vinnumarkaðurinn leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu. Hætta er á að við stöndum frammi fyrir gamalkunnum íslenskum veruleika víxlverkunar launa, verðlags og gengis krónunnar, segir hagfræðingur.

olafur@frettabladi.is

„Skelfileg byrjun á verðbólguári,“ segir Erna Björg Sverrisdóttir, aðal-
hagfræðingur Arion banka, um verðbólgu-
tölurnar sem birtar voru á mánudag. Erna er gestur Ólafs Arnarsonar í nýjasta þætti Markaðarins sem frumsýndur verður á Hringbraut í kvöld klukkan 19.

Hún lýsir áhyggjum sínum af því hve verðbólgan er á breiðum grunni, milli 60 og 70 prósent undirliða vísitölunnar séu að hækka um meira en sex prósent. Þetta sé óþægilegt á að horfa þegar tekið sé tillit til þess að verðbólgu-
markmið Seðlabankans sé 2,5 prósent.

„Ég hugsa að ég hafi ekki verið eini greiningaraðilinn sem svelgd-
ist á kaffibollanum á mánudags-
morgun þegar tölurnar komu. Spár greiningaraðila voru á þröngu bili, gert var ráð fyrir að verðbólgan yrði 9,6 prósent en hún varð 10,2 prósent, fór yfir 10 prósent mýrin sem maður var að vona, þó ekki væri nema bara vegna sálarteturs-
ins, að hún færi ekki yfir.“

Erna segir tvo undirliði vísitölunnar hafa komið sérstaklega á óvart. Áhrif útsöluloka hafi verið miklu meiri en búist hafði verið við, segja megi að einhverju leyti að útsölurnar hafi gengið til baka og rúmlega það.

Greiningaraðilum brást bogalistin þegar þeir bjuggust við því að flugfargjöld myndu lækka, eins og oft gerist í febrúar, að sögn Ernu. Flugfargjöld hafi hins vegar hækkað, ekki mikið en nóg til þess áhrifin voru mikið vegna þess að miklu munadi á spám og mældri niðurstöðu.

Hún nefnir miklar hækkanir á matvöru og innflutta verðbólgu. Einnig segir Erna nýgerða kjara-



Erna Björg Sverrisdóttir, aðal-
hagfræðingur Arion banka, segir hætta á að við lendum í vithring verð- og launahækkana líkt og gerðist á áttunda áratug síðustu aldar, verði ekki tekið á útgjaldavanda ríkisins.

Þegar verðbólgan er orðin þetta mikil eykst hættan á að öllu sé hreinlega velt út í verðlagið.

samninga klárlega vera verðbólgu-
hvetjandi samninga, langt yfir því sem hægt sé að segja að samræmist verðbólgu-
markmiðum Seðlabankans.

Fjármál hins opinbera eru stórt vandamál, segir Erna. Ríki og sveitarfélög séu rekin með miklum halla í blússandi hagvexti og það gangi ekki til lengdar án afleiðinga, sem birtist í verðbólgu og lækkan-
dengi krónunnar. Vandi hins opinbera sé ekki tekjuvandi heldur séu það útgjöldin sem valdi vandanum.

Mikilvægt er nú, að mati Ernu, að hið opinbera sýni aðhald í sínum rekstri og gangi á undan með góðu fordæmi. Erna telur að gjaldskrárhækkanir ríkisins um áramótin, þegar verðbólgunni var velt út í gjaldskrár hins opinbera, hafi mögulega sent vafasöm skilaboð til annarra í landinu og fyrirtæki telji sig ekki þurfa að sýna varkarni í verðhækkunum þegar ríkið gerir það ekki sjálft.

„Þegar verðbólgan er orðin þetta mikil eykst hættan á að öllu sé hreinlega velt út í verðlagið,“ segir

10,2%
Ársverðbólgan í febrúar 2023 er 10,2 prósent, en greiningar-
deildir bjuggust við 9,6 prósentum.

Erna. „Þá er komin þessi íslenska víxlverkun.

Á síðasta ári var 6,4 prósent hagvöxtur og ríkið er rekið með meira en 100 milljarða halla. Það gengur einfaldlega ekki í svona árferði,“ segir Erna. „Það þarf að taka til í ríkisrekstrinum.“ Hún segir vandann ekki einskorðast við ríkið og bendir á svonefnt ráðningabann hjá Reykjavíkurborg. Síðan birtast alls konar kostulegar auglýsingar þar sem auglýst er eftir verkefna-
stjórum og öðru starfsfólki.

Hún segir það jákvætt að ríkisstjórnin boði nú aukin aðhald. Ekki sé hins vegar nóg að tala um það heldur verði að fylgja orðunum eftir.

Erna segir Seðlabankann vera dálítið einan í baráttunni við verðbólguna, ekki komi stuðningur í gegnum ríkisfjármálin og ekki heldur frá vinnumarkaðnum. Hún segir að ef ekki verði snúið við blaðinu stöndum við frammi fyrir gamalkunnum íslenskum veruleika, víxlverkun verðlags, launa og gengislækkunar og það sé staða sem enginn vilji. ■



forseti Mexíkó segir aðkomu Tesla vera frábært tækifæri til fjárfestinga.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tesla opnar verksmiðju fyrir sunnan

helgisteinar@frettabladi.is

Tesla hefur tilkynnt að ný verk-
smiða á vegum fyrirtækisins muni koma til með að risa í Mexíkó og bætist Tesla við vaxandi hóp bílaframleiðenda sem hafa fært út kvíarnar sunnan við Bandaríkin.

Andres Manuel Lopez Obrador, forseti Mexíkó, segir að rafbíla-
verksmiðjan verði staðsett í Monterrey, í um þrígga klukkustunda akstursfjarlægð frá Texas. Yfirvöld í Mexíkó höfðu lýst yfir áhyggjum sökum vatnsþarfar verksmiðjunnar en forsetinn segir að Elon Musk hafi náð að sannfæra ríkisstjórnina um að engin innistæða sé fyrir þeim áhyggjum.

Mexíkó vonast til að geta nýtt spennuna sem ríkir nú milli Kína

Þetta verður þriðja verksmiðjan sem Tesla opnar utan landamæra Bandaríkjanna á seinustu árum.

og Bandaríkjanna og selt sig sem staðgengil fyrir þá framleiðslu sem hefur orðið fyrir röskun.

Þetta verður þriðja verksmiðjan sem Tesla opnar utan landamæra Bandaríkjanna á seinustu árum, en fyrirtækið hefur nú opnað verksmiðjur bæði í Kína og Þýskalandi. ■

Áfengissala í Kanada dregst saman

helgisteinar@frettabladi.is

Samkvæmt nýrri markaðsskýrslu eru íbúar í Kanada farnir að draga verulega úr kaupum sínum á áfengi. Skýrslan, sem unnin er af Statistic Canada, segir að frá 2021 til 2022 hafi bjórsala dregist mjög mikið saman og eins hafi sala á léttvíni ekki verið jafn litil síðan 1949.

Almenn sala á bjór í Kanada hefur dregist saman um 8,8 prósent undanfarin tíu ár en drykkurinn er engu að síður vinsælastur allra áfengra drykkja í landinu. Bjór er ríkur þáttur í kanadískri menningu og samkvæmt rithöfundinum Stephen Beaumont skilgreinir bjór, ásamt beikoni, vetri og isknattleik, kanadísku þjóðina.

Áfengissala hefur engu að síður verið á niðurleið undanfarin ár og var samdrátturinn um 1,2 prósent á síðasta ári.

Margir Kanadamenn kenna hertum drykkjureglum og hærri sköttum um sölupróunina í landinu. Dagblaðið Toronto Star greindi meðal annars frá því að frá og með 1. apríl myndu áfengisskattar í Kanada hækka um 6,3 prósent.

Kanadíska heilbrigðisráðuneytið hefur einnig uppfært leiðbeiningar sínar um hóflega drykkju og mæla nýjustu leiðbeiningar með að fólk sleppi því hreinlega að drekka



Kanadískur áhorfandi skálar í bjór á isknattleik í Calgary.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Margir Kanadamenn kenna hertum drykkjureglum og hærri sköttum um sölupróunina í landinu.

áfengi. Fyrir þá sem telja sig verða að drekka áfengi er ekki mælt með að fá sér meira en tvö glös á viku, sem er mun minna magn en þau 9,5 glös sem hver Kanadabúi drekkur að jafnaði í hverri viku.

Statistics Canada bendir hins vegar á að erfitt sé að leggja að jöfnu tölfraði um áfengissölu við raunverulega neyslu. Stofnunin tekur aðeins til greina sölu sem á sér stað í ríkis- og einkareknum verslunum en ekki magnið sem bruggað er í heimahúsum. ■

Hræðslupólitík



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er skríttin pólitík sem leitar ekki allra leiða til að bæta hagsæld almennings og atvinnufyrirtækja í landinu. En sú erna pólitíkin er rekin hér á landi, raunar af fleiri en einum flokki. Þeir líta á óbreytt ástand sem eina möguleikann fyrir íslenskt samfélag. Og þeir reyna ekki einu sinni að leyna aðdáun sinni á kyrrstöðu. Gott ef stöðugleikinn felst ekki einmitt í stöðnun að þeirra mati.

Því, er ekki bara best að breyta engu? Í þessu ljósi eru viðbrögð kyrrstöðuflokkanna við síauknum áhuga landsmanna á fullri aðild að Evrópusambandinu harla fyrirséð.

Við höfum ekkert þangað inn að gera. Og þar við situr.

Það tekur því ekki einu sinni að skoða hvað er í boði. Og líklega stappar það nærri óðsmannshjali að kanna hvaða undanþágur eru í boði fyrir þjóðina vegna sérstöðu Íslands á fjölda-mörgum sviðum atvinnu, auðlinda, menningar, tungu, hnattstöðu og fjarlægðar frá meginlandi.

Miklu heldur er talað fyrir því að híma áfram frammi á gangi á löggjafarsamkundu sambandsins og taka við regluverki þess án þess að geta haft nokkur áhrif á hana.

Svo er auðvitað alið á samsæriskeningum sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum, en höfuðærslin eru þau helst að Evrópusambandið steli öllu steini léttara í landinu ef þjóðin fái fullgilda aðild að því – og geti þar með verið þjóð á meðal þjóða í álfunni, hvað lagasetningu og framtíð sína varðar.

Spurningin er auðvitað þessi: Halda andstæðingar Evrópusambandsins hér á landi að einhver núverandi aðildarþjóða sambandsins hafi tapað á inngöngunni? Geta þeir hinir sömu bent á einhverja ESB-þjóð sem hefur glatað hagsmunum sínum á aðildinni?

Hér verður vitaskuld að hafa í huga að ríki sem ganga í Evrópusambandið hafa eftir sem áður sjálfsákvörðunarrétt um nýtingu orkuauðlinda í sinni eigu, svo sem olíu, gass og vatns. Þannig hafa til dæmis Bretar og Hollendingar haft full yfirráð yfir olíuauðlindum í Norðursjó, Finnar ráða yfir finnskum skógum og Ungverjar yfir jarðhitaauðlindum sínum.

Ekkert bendir til annars en að sjálfsákvörðunarréttur Íslands yfir auðlindum í efnahagslögsögu landsins, í jörðu og á hafsbotni, haldist óskertur komi til aðildar að Evrópusambandinu.

Ákvarðanir um heildarafla og veiðiheimildir einstakra aðildarríkja eru eftir sem áður teknar af heimamönnum á grundvelli reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika. Reglan byggist fyrst og fremst á veiðireynslu og sameiginlegum fiskistofnum og þar hefur Ísland alla söguna og sérstöðuna sín megin.

En hræðslupólitíkin lýgur enn. Og er hreykin af blaðrinu. ■

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

Svo skal bál bæta

Nú næða naprir vindar verðbólgunnar um þjóðina að nýju eftir hlé á slíku um langt árabíl. Hagfræðingar, innan og utan Seðlabankans, hvetja nú stjórnvöld til að hysja upp um sig buxurnar og gripa til aðgerða sem stemmt geta stigu við þessari ömurlegu óværu. Ríkisstjórnin virðist hins vegar ekki kannast við að bera ábyrgð á þess háttar leiðindum. Þó vita ráðherrarnir um leiðir sem gætu dregið úr verðbólgunni. Það séu nefnilega ekki þau sjálf heldur forstöðumenn alls kyns ríkisstofnana sem eyða peningum í óumbeðna delu og auka þar með þensluna.

Fólk á berangri

Meðal helstu fórnarlamba efnahagsástandsins er unga fólkid sem kemst hvergi í eigin hús og hefur verið skilið eftir á ísnum til að éta það sem úti frýs. Helsta ástæða þessarar stöðu er náttúrliga verðbólgan fyrrnefnda sem nú sýnist vera að þróast í óðaverðbólgu án viðnáms hjá stjórnvöldum sem skeyta varla um neitt og bara eyða úti í eitt. Búast má við að fljótt fari að komast los á mannskapinn sem hvergi hér innanlands eygir undankomu-leið og fer þá að líkindum að tínast út fyrir landsteinana þar sem grasið er grænna í þessum efnum. Og hver á þá að standa undir verðbólgunni og öllum sköttunum? ■

Verkfærakassi ríkisstjórnarinnar



Hanna Katrín
Friðriksson
formaður þing-
flokks Viðreisnar

Vonandi sér nú fyrir endann á kjaradeilum Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Ýmsir atvinnurekendur hafa þó lýst yfir áhyggjum af því að geta ekki haldið rekstrinum gangandi með auknum launakostnaði ofan á álögur sem hafa farið vaxandi undanfarið. Þetta á sérstaklega við í tilvikum smærri vinnuveitenda.

Á meðan launafólk greiðir atkvæði um nýja mið-unartillögu ríkissáttasemjara er rétt að leiða hugann að því sem stjórnvöld gætu lagt gott til málanna. Ríkisstjórnin hefur í hendi sér fjölmörg verkfæri til að miðla málum. Til dæmis gæti hún lækkað tryggingagjald, sem er hlutfall af greiddum launum og hækkað þannig kostnað launagreiðenda umfram kjarahækkunar. Hún gæti líka lækkað áfengisgjald, sem myndi helst gagnast fyrirtækjum í veitingarekstri.

Annað verkfæri ríkisstjórnarinnar er lækkan virðisaukaskatts sem myndi bæta kjör almennings og draga þannig úr þörf á launahækkunum. Virðisaukaskattur á Íslandi er þegar sá næsthæsti meðal allra landa OECD.

Þá gætu stjórnvöld látið sér detta í hug að auka ávinning þjóðarinnar af sjávarauðlindinni.

Beittasta töl stjórnvalda er þó líklega að haga ríkisrekstrinum þannig að hann yti ekki undir verðbólgu. Langvarandi hallarekstur er þannig til þess fallinn að eyða öllum öðrum tilraunum til að halda verðbólgunni í skefjum. Væri aginn og aðhaldið raunverulegt hjá hinu opinbera, væri skuldsætning ekki aukin ár eftir ár, vaxtakostnaður ekki þriðji stærsti útgjaldaliður ríkisins og mun líklegur að stýrivextirnir myndu virka sem skyldi. Það er ekki að ástæðulausu sem seðlabankastjóri sagði á fundi í síðustu viku að stofnun hans væri eini aðilinn sem sýndi nokkurt aðhald. Sennilega mun samsetning ríkisstjórnarinnar þó koma í veg fyrir að þau gangi í lið með seðlabankastjóra þar.

Stærsta kjarabót launþega á Íslandi væri svo án efa að skipta sveiflukenndum gjaldmiðlinum okkar út fyrir evru. Það myndi annars vegar knýja ríkisstjórnina til ábyrgðar því hún gæti ekki lengur falið sig bak við fallandi krónu. Hins vegar hefði það í för með sér vaxtalækkunar fyrir allan almennings og fyrirtæki. Það væri raunveruleg miðlunartillaga inn í kjaraviðræðurnar. ■

”
Höfuð-
ærslin eru
þau helst
að Evrópu-
sambandið
steli öllu
steini
léttara í
landinu ef
þjóðin fái
fullgilda
aðild að
því.

FRÁBÆRT TILBOÐ
á kver.is – kr. 2.799

Dásamlega ævintýrið um Jakob og risastóru ferskjuna er nú komið í nýrri þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Fæst í bókabúðum og á kver.is.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

ROALD DAHL
JAKOB OG RISASTÓRA FERSKJAN
Tilskilgreint af Quentin Blake

Sleggjudómur

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Bankastjóri Seðlabankans mætti fyrir þingnefnd í síðustu viku, sem ekki er í frásögur færandi. Hitt er umhugsunarefni að það sem helst þótti tíðindum sæta var staðhæfing hans um að verðbólga á Íslandi væri margfalt hærri ef við værum með evru.

Engu er líkara en bankastjórinn hafi gleymt því eitt augnablik að um þriðjungur þjóðarframleiðslunnar er á höndum fyrirtækja sem nota evrur eða dollara.

Aðgerðir bankans í peningamálum ná ekki til þessa hluta hagkerfisins. Fyrir vikið eru það einkum minni fyrirtæki og kaupendur fyrstu íbúða, sem bera allan þunga aðhaldsaðgerða í peningamálum.

Ósamkvæmni

Ummæli bankastjórans eru ekki byggð á samanburðaratugun. Engin tölfraði í gagnasafni bankans rennir stöðum undir staðhæfinguna. Hún er því hreinn sleggjudómur.

Forysta bankastjórans í pen-

ingastefnunefnd hefur ekki gefið tilefni til gagnrýni. Nefndin hefur aðeins tekið faglegar ákvarðanir. Þar hefur bankastjórinn staðið sig vel.

Ítrekaðir sleggjudómar í pólitískri umræðu grafa aftur á móti undan trúverðugleika hans.

Þetta kristallast vel í því samhengi að bankastjórinn lýsti engum áhyggjum af því á fundi þingnefndarinnar að áhrifavald bankans næði ekki til þeirra sem nota evrur og dollara.

Eina rökrétta ályktunin, sem draga má af þögninni um þá staðreynd, er sú að bankastjórinn telji að sá hluti þjóðarbúskaparins, sem notar evrur og dollara, valdi alls ekki þenslu, þveröfugt við sleggjudóminn.

Mismunur

Önnur skýring kann þó að vera á þessari ósamkvæmni. Hún er sú að ríkisstjórninni finnst einfaldlega rétt að nota fjölmyntakerfið til að ívilna sumum en íþyngja öðrum.

Í raun virkar fjölmyntakerfið eins og þrepaskiptur tekjuskattur. Mismunurinn er bara sá að þeir sem best standa að vígi eru í lægsta vaxtaskattþrepi en hinir sem lakar standa, minni fyrirtæki og einstaklingar, eru í því hæsta.

Alþingi tekur þessa pólitísku ákvörðun alveg eins og það ákveður tekjuskattþrepin. Skattastefna ríkisstjórnarinnar byggist á jöfnuði en gjaldmiðlastefnan á ójöfnuði. Þannig má segja að pen-



ingastefnan eyði jöfnunaráhrifum skattastefnunnar.

Þetta er pólitík en ekki hagfræði. Seðlabankastjóri hefur réttilega gætt þess að gagnrýna ekki ríkisstjórnina fyrir þessa pólitík. Hins vegar er hann í stöðugu pólitísku stríði við þá flokka í stjórnarandstöðu, sem vilja að gjaldmiðlastefnan byggist á hugmyndinni um land jafnra tækifæra og stuðli fremur að jöfnuði en ójöfnuði.

Fyrirmynd

Gylfi Zoega hagfræðiprófessor lét nýlega af setu í peningastefnunefnd Seðlabankans. Hann skrifaði grein í Vísbendingu um þessa

mismunur og sagði þar að á Íslandi væru þrjár þjóðir.

Niðurstaða hans er skýr: „Afleiðing þessarar skiptingar þjóðarinnar eru þær að vaxtabreytingar Seðlabankans koma einungis við fyrsta hópinn, fólkið sem lifir og hrærist í krónukerfinu, en ekki við stærstu útflutningsfyrirtækin eða aðra sem eru fyrir utan krónuna.“

Í umræðuþættinum á Sprengisandi um síðustu helgi sagði prófessorinn að hann hefði lengi verið þeirrar skoðunar að Ísland ætti að stíga lokaskrefið til fullrar aðildar að Evrópusambandinu. Hann hefði hins vegar ekki látið þær skoðanir í ljós fyrr en nú vegna

setu sinnar í peningastefnunefnd Seðlabankans.

Þarna hefur Seðlabankastjóri góða fyrirmynd. Þeir sem fara með faglegt ákvörðunarvald í peningamálum lýsa ekki pólitískri sýn á leikreglurnar fyrr en þeir láta af störfum.

Betra verkfæri

Málefnaleg umræða um þetta stóra viðfangsefni er mikilvæg. Gjaldmiðillinn ræður svo miklu um afkomu heimila og samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Evrar mun ekki sjálfkrafa leysa þau efnahagslegu vandamál, sem heitast brenna á fólki. Menn byggja bæði vönduð og óvönduð hús þótt allir noti sama tommustokk. En af hinu hlytist ekkert nema vondur hrærigrautur ef byggingameisturum væri gert að nota þrjár eða fjórar mismunandi mælieiningar.

Verðbólgan hverfur ekki með evru. Sterkur gjaldmiðill auðveldar okkur bara að ná markmiðum um stöðugleika og að gera Ísland að landi jafnra tækifæra.

Við höfum reynslu af þátttöku í alþjóðlegu gjaldmiðlasamstarfi. Hún sýnir að þá vegnar okkur betur.

Það er slæmt þegar Seðlabankastjóri lítur á það sem pólitískt hlutverk sitt að kæfa nauðsynlega umræðu um þessa brotalöm í þjóðarbúskapnum. Hitt er sýnu verra þegar það er gert með sleggjudómu. ■

HH
RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF
KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.*

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt	» Skilvirkt	» Auðvelt í notkun
- Sanngjarnt lágt verð - Einföld verðskrá	- Flokkunarkerfi - Aðstoð við textagerð - Svarpóstar - Viðbótarþjónustur - Fjöldi umsækjenda á skrá	- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi - Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi - Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi - Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi - Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

Opið bréf til Karlmennskunnar



Aron Mimir
Gylfason
hlaðvarps-
stjórnanndi



Bjarki Valur
Viðarsson
hlaðvarps-
stjórnanndi

Opið bréf til Karlmennskunnar frá Götustrákum. Byrjum á svolitilli kynningu. Við heitum Aron Mimir Gylfason og Bjarki Valur Viðarsson og stöndum að hlaðvarpsþættinum Götustrákar á Brotkast.is.

Þar látum við gamminn geisa og grínið þeysa, oftar en ekki með okkur sjálfa sem skotskifu þess gríns.

Undanfarið hefur borið á því að Þorsteinn V, aðstandandi Karlmennskunnar, sýni okkur athygli og kallar okkur meðal annars

glæpamenn og annað gott. Þegar raunin er sú að neytlusaga okkar er frekar sorgleg en líka sjúklega fyndin, enda báðir í foreldrahúsum að nota eiturlyf að spila tölvuleiki í einangrun.

Við erum báðir óvirkir fíklar sem höfum náð tökum á lífum okkar og deilum meðal annars þessari reynslu með áhorfendum okkar. Í öllum þáttum okkar eða í framkomu útvarps höfum við talað gegn ofbeldi og glæpum, enda hvorugur okkar ofbeldismaður eða glæpamaður og aldrei verið slíkt.

Látum sannleiksgildi slíkra ásakana, sem mögulega jaðra við lög-brot, liggja á milli hluta. Við höfum mikinn áhuga á boðskap Þorsteins og teljum mikilvægt að sjónarmið hans og í raun allra annarra fái að heyrast.

Við höfum reynt að fá Þorstein til að mæta í þátt okkar en þau boð hafa mögulega farið fram hjá honum.

Ef Þorsteinn er virkilega að þessu til að reyna að dreifa boðskapnum og hjálpa öðrum karlmönnum að vera fémíniskir þá ætti hann að herja á hlustendur Götustráka.

Þess vegna setjum við hér á blað opið boðskort til hans, og hann boðinn velkominn í þáttinn. Vonumst til að sjá þig, Þorsteinn! ■

Röng ákvörðun hjá meirihlutanum að leggja Borgarskjalasafn niður



Kolbrún
Baldursdóttir
oddviti Flokks
fólksins í
Reykjavík

Tillaga borgarstjóra sem var lögð fram í borgarráði fyrir tveimur vikum um að leggja niður Borgarskjalasafn og skýrsla KPMG sem fylgdi tillögunni kom eins og reiðarslag fyrir flesta.

Málinu var frestað í borgarráði og leynd hvíldi því áfram yfir gögnum. Engu að síður hafði skýrsla um framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns borist fjölmiðlum og málið komst í hámaili.

Nú hefur leynd verið létt af skýrslunni um Borgarskjalasafn svo hægt er að ræða efni hennar. Skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að: „Óbreytt ástand er ekki möguleiki,“ sem þýðir að ekki sé hægt að hafa Borgarskjalasafn áfram í þeirri mynd sem það er.

Flokkur fólksins í borgarstjórn hefur sínar hugmyndir um þetta mál og finnst það sérkennilegt að skýrsla af þessu tagi skuli birta svo afgerandi niðurstöðu án þess að skoða hvaða aðrar leiðir megj fara. Skýrslan er að mati okkar í Flokki fólksins gildishlaðin og jafnvel má segja að hún sé ekki nægjanlega vönduð. Við teljum að „niðurstaðan hafi verið eins og pöntuð“.

Flokkur fólksins í borgarstjórn telur að borgarstjóri og hans fólk hafi fyrir einhverju síðan verið búið að ákveða að leggja niður Borgarskjalasafn. Í ferli KPMG við gerð skýrslunnar voru einungis tekin tvö viðtöl við borgarskjalavörð og teymisstjóra eftirlits og rafrænna skila. Ekkert hefur verið fundað með öllum starfsmönnum Borgarskjalasafns, engir stefnumótunar- eða verkefnafundir haldnir með starfsmönnum og greinendur hafa ekki kynnt sér ítarlega verkefni eða störf safnsins. Ekki var haldinn fundur með forstöðumanni Borgarskjalasafns til að kynna drög að tillögum. Þetta eru allt upplýsingar frá

starfsfólkinu.

Hér er ekki um neina stefnumótunarvinnu að ræða heldur er aðeins keyrt áfram og yfir alla sem málið varðar. Skýrslan er almennt neikvæð og flest gert til að láta safnið líta illa út. Þá er auðveldara að réttlæta það að skella í lás. Ekki er minnst á styrkleika safnsins, eingöngu einblínt á vandamálin. Fela á verkefnið öðrum í stað þess að skoða leiðir til að efla safnið.

Fjársvelt lengi

Þrátt fyrir að hafa verið fjársvelt lengi heldur safnið úti öflugri starfsemi, tekur við eldri skjölum, varðveitir þau og svarar fyrirspurnum. Heildarsafnkostur Borgarskjalasafns er yfir tíu km. Birtar hafa verið á þriðja hundrað þúsunda síðna af skjölum á vefsíðu safnsins sem verið er að endurgera. Stafræn umbreyting er komin vel af stað og mun samfara aukinni móttöku gagnasafna til langtímavarrðveislunnar minnka húsnæðisþörf safnsins og verða minni en kemur fram í skýrslu KPMG. Á þjóðskjalasafni er hvorki pláss né mannaflí til að sinna verkefnum Borgarskjalasafns. Gæði, þjónusta og eftirlit með skjalavörslu borgarstofnana myndi minnka.

Safnið hefur undirbúið að fara í sameiginlegt húsnæði með Þjóðskjalasafni en söfnin yrðu áfram sjálfstæð en með því yrðu mikil samlegðaráhrif. Þess vegna kemur það starfsfólki á óvart að leggja eigi safnið niður. Unnar hafa verið greiningar á húsnæði og mannaflaþörf safnanna fyrir næstu 30 árin til að dreifa kostnaði. KPMG stillir þessum tölum upp þannig að allt komi til framkvæmda næstu 3–4 ár með tilheyrandi kostnaði, sem er óraunhæft. Það sýnir metnaðarleysi meirihluta borgarstjórnar að treysta sér ekki til að halda úti vönduðu héraðsskjalasafni en allar höfuðborgir landa í Evrópu eru með borgarskjalasöfn. Hávær mótmæli eru um áformin og telur Flokkur fólksins að borgarstjóri eigi umsvifalaust að draga þessa tillögu til baka og biðja starfsfólk Borgarskjalasafns afsökunar. Illa hefur verið komið fram í þessu máli á allan hátt. ■

Stjórnmal fyrir fólk en ekki fjármagn



Sonja Ýr
Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Verðbólgan stigmagnast og helstu sérfræðingar búast við því að Seðlabankinn bregðist við með harkalegum vaxtahækkunum og hvetja jafnvel til þess. Kvíða er farið að gæta á mörgum heimilum landsins vegna verðs á nauðsynjavörum og síhækkandi húsnæðiskostnaðar.

Ríkisstjórnin verður að bregðast við. Og hún verður að gera það núna með aðgerðum sem koma til framkvæmda strax, ekki á næstu árum. Það þarf sértækar tekjuöflunar- aðgerðir gegn verðbólgu, aukið aðhald á markaði og stuðningsaðgerðir við heimili í vanda.

Líður og biður

Nú höfum við beðið eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar mánuðum saman. Í stað þess að bregðast við hafa ráðherrar eftirlátið Seðlabankanum algerlega hagstjórnina – sem hefur einungis takmörkuð og almenn tæki til. Þetta hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir almenning.

Þrátt fyrir þessa alvarlegu stöðu í efnahagsmálum er mikill hagnaður fyrirtækja og arðgreiðslur virðast síður en svo vera að dragast saman. BSRB hefur bent á að ríkisstjórnin þurfi að bæta stöðu ríkisfjármála með tekjuöflun hjá þeim sem sannarlega hafa svigrúm til að



leggja meira af mörkum til samneyslunnar. Þar má nefna hátekjuskatt, stóreignaskatt, bankaskatt, hækkun fjármagnstekjuskatts og hærri hlutdeild almenningsskatts í tekjum fyrir afnot á sameiginlegum auðlindum. Verðbólga er nú í tveggja stafa tölu og því þarf að grípa til ráðstafana strax en ekki biða næsta fjárlagaárs.

Það eru fyrirtækin sem ákveða verðlag. Hér ríkir fákeppni á mörkuðum með nauðsynjavörum og mun sú staða ekki breytast af sjálfu sér. Stjórnvöld geta og eiga að tryggja virka samkeppni og neytendavernd. Hjá stórfyrirtækjunum er svigrúm til þess að minnka álagningu, sem eykst þó með degi hverjum og veldur aukinni verðbólgu.

Verjum almannaðjónustu

BSRB hafnar því að gripid verði til úreltra aðferða í ríkisfjármálum með frekari skerðingu almannaþjónustunnar. Sagan hefur sýnt að slíkar aðgerðir eru skammgóður vermir og hafa alvarlegar langtíma afleiðingar í för með sér. Opinberu

kerfin okkar hafa enn ekki jafnað sig eftir niðurskurð árána eftir hrún. Skortur á starfsfólki til þess að sinna nauðsynlegri almannaþjónustu er viðvarandi vandamál. Niðurskurður mun leiða af sér aukið álag, verri starfsaðstæður og ósamkeppnishæf launakjör sem munu bitna á umfangi og gæðum þjónustu við almenning.

Samstaða með launafólki

Ríkisstjórn og Seðlabanki bera ábyrgð á hagstjórn landsins. Þessir aðilar beina þó oftast sjónum sínum að launafólki sem virðist eitt eiga að bera stöðugleikann á herðum sér. Það gengur ekki lengur og stjórnvöld verða nú að sýna samstöðu með heimilum í landinu og beina stuðningi til þeirra sem verst verða fyrir barðinu á hækkun verðlags- og húsnæðiskostnaðar. Besta leiðin til þess er að hækka barnabætur, vaxtabætur og stuðning við leigjendur. Þessi kerfi eru öll tekjutengd og beina þarf stuðningnum þangað sem mest er þörf á. Þessar aðgerðir getur Alþingi afgreitt fyrir páska. ■

Útgjaldablætið



Þorbjörg Sigríður
Gunnlaugsdóttir
þingmaður
Viðreisnar

Ríkisstjórnin hefur misst tökin á verðbólgunni sem er komin yfir 10%. Matarinnkaup eru dýrari, afborganir á húsnæðislánum rjúka upp og það þrengir að heimilum. Greiðslugeta heimilanna er áhyggjuefni og það á auðvitað ekki sist við um barnafjölskyldur og þau sem festu kaup á fyrstu íbúð á lágvaxtaskeiðinu svokallaða – sem stóð síðan ekki yfir nema í fimm mánuði.

Tækifærið var ekki nýtt

Fjármálaráðherra talar núna um nauðsyn þess að fara í hagræðingaraðgerðir til að draga úr þenslu. Hagræðingaraðgerðirnar munu að sögn birtast í næstu fjármálaáætlun. Fjármálaráðherra bendir líka á opinberar stofnanir sem fara fram úr fjárheimildum. Það er í sjálfu sér eðlileg gagnrýni – en fjármálaráðherra hefði auðvitað vel getað nýtt það verkfæri sem hann var með í höndunum síðastliðið haust þegar hann lagði fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023. Þetta frumvarp hafði meiri þýðingu en oft áður einmitt í ljósi verðbólgunnar, hárra vaxta og kjarasamninga. Á þetta var margsinnis bent. Við flöggudum strax þegar fjármálaráðherra lagði upp með 90 milljarða halla. Niðurstaðan varð svo reyndar 120 milljarða halli. Þegar ríkisstjórnin talar nú um að allur þessi mikli hallarekstur stafi eingöngu af útgjöldum til heilbrigðis-

mála þá er það auðvitað rangt. Þær fullyrðingar standast enga skoðun.

Staðreyndin er að fjárlögin gerðu alltof lítið til að draga úr þenslu. Seðlabankastjóri gengur raunar svo langt að segja ríkisstjórnina gera viðureign Seðlabankans við verðbólguna beinlínis erfiðari. Þegar Seðlabankinn er skilinn einn eftir í glímunni við verðbólgu getur niðurstaðan aldrei verið önnur en vaxtahækkanir. Fjölmargir hagsmunaaðilar voruðu sömuleiðis við; BHM, Samtök atvinnulífsins og ASÍ. En á þessi varnaðarorð var einfaldlega ekki hlustað.

Viðreisn lagði til hagræðingar- aðgerðir til að greiða niður skuldir á þessu ári. Stefnt yrði að því hagræða í ríkisrekstri m.a. með því að draga til baka fjölgun ráðuneyta og ráðherrastöla frá upphafi kjörtímabils. Sú ákvörðun að fjölga ráðuneytum var makalaus, á sama tíma og biðlað var til almenningssins um að sýna ábyrgð í fjármálum. Það felast tækifæri í hagræðingu í ríkisrekstri og fjármálaráðherra hefur talað um þessi tækifæri. Hann hefur hins vegar ekki nýtt þau. Viðreisn lagði sömuleiðis til að á árinu væru skuldir ríkisins lækkaðar um 20 milljarða. Þessar tillögur voru felldar við afgreiðslu fjárlaga.

Útgjaldahlíð síðustu fjárlaga var ábyrgðarlaus en það var tekjuhlíðin líka. Viðreisn lagði fram tillögur um tekjuöflun, t.d. um að hækkun veiðigjalda um sex milljarða. Flokkurinn hefur ítrekað lagt fram tillögur um að veiðigjöld endurspegli markaðsvirði veiðiréttinda. Methagnaður hefur verið í sjávarútvegi og 2021 var hann um 65 milljarðar eftir skatta og gjöld. Við höfum jafnframt lagt áherslu á mikilvægi þess að halda áfram með söluferli Íslandsbanka í opnu og gagnsæju ferli. Söluandvirðið á að fara í að greiða niður skuldir.

Ríkið er risastórt

Núna heyrir fólkið í landinu að eyðsla þess hafi áhrif á verðbólgu. Það er í sjálfu sér rétt. En ríkið er í því sambandi risastór aðili í samfélaginu. Ríkið er ekki undanskilið þeirri kröfu að eyða ekki of miklu eða undanskilið kröfunni um að eyða ekki um efni fram. Þegar fjármálaráðherra eyðir peningum er það ekkert öðruvísi en þegar öðrum peningum er eytt. Og útgjaldavandinn blasir við öllum sem vilja sjá.

Hallarekstur í áratug

Engu virðist skipta hvort aðstæður eru góðar eða erfiðar: þessi ríkisstjórn skilar halla. Hallarekstur ríkisstjórnarinnar hófst árið 2019 – áður en heimsfaraldur varð að vandamáli fyrir ríkisfjármálin. Það sýnir að litlu skiptir hverju aðstæðu eru, hallinn virðist alltaf niðurstaða á vakt þessarar ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin stefnir raunar að því að ríkissjóður verði rekinn með halla alveg út árið 2027. Fjármálaráðherra skilar fjárlögum í halla algjörlega óháð því hverjar aðstæður eru. Að reka eigi ríkissjóð með halla samfleytt í næstum áratug er óverjandi og speglar ekki þá ábyrgð sem talað er um af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það hefur þvert á móti skilað því að vaxtakostnaður er nú þriðji stærsti fjárlagaliður ríkisins.

Samsetning ríkisstjórnarinnar kemur í veg fyrir að stjórn ríkisfjármála geti verið ábyrg og sterk. Breiddin vinnur gegn því að sýnin sé skýr og ráðherrar gangi í takt við þetta stærsta verkefni stjórnmálanna núna – að vinna bug á verðbólgunni. Og sem fyrr eru það heimilinn og fyrirtækin í landinu sem taka reikninginn fyrir ríkisstjórnina, nú í formi verðbólgu og vaxtahækkana. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 2. mars 2023

KYNNINGARBLAÐ



Samband mannsins við náttúruna og allt lífríkið er Solveigu hugleikið.

Leiðtogafundur fyrir náttúruna

jme@frettabladid.is

Laugardaginn 4. mars klukkan 16–19 verður sýningin Leiðtogafundur opnuð í SÍM Gallerý, innsetning með skúlptúrum, ljósmyndum, vídeó og málverki eftir Solveigu Thoroddsen.

Ljósmyndir og myndskleið eru frá ferðalögum Solveigar síðustu tvö ár um Ísland og Grænland. Umfjöllunarefnið í stóra samhenginu er manneskjan og náttúran: aðskilnaður eða samruni, vald-beiting eða samvinna, neysla eða náttúruvernd: „Hið stóra verkefni sem við stöndum frammi fyrir: Að halda jörðinni lífvænlegri. Sá möguleiki að vinna með náttúrunni, finna sameiginlega fleti og vinna út frá þeim, þeirri heildarhugsun að við erum öll eitt. Framtíðin veltur svo á því hvernig koniakið fer í leiðtogana. Í sýningunni er líka gefinn vonarneisti í formi nýrrar kynslóðar,“ segir Solveig.

Tortíming jarðar

Solveig útskrifaðist með MA í myndlist frá Listaháskóla Íslands 2015 og hefur unnið að myndlist síðan. Viðfangsefni hennar eru gjarnan samskipti manneskjunnar og náttúrunnar: „Ég er einnig undir miklum áhrifum múmín-bókarinnar Halastjörunnar eftir Tove Janson. Halastjarnan stefnir á ógnarhraða að jörðu og mun ef til vill tortíma henni. Í ógnvænlegi ástandi gerast þó magnaðir hlutir.“

Sýningin stendur til 22. mars og er opin alla virka daga milli klukkan 11–16. ■



Neysluhyggjuklæðnaður, hannaður af Tinna Bigum fatahönnuði. Pilsíð er gert úr gömlum kvittunum úr ýmsum verslunum og jakinn er gerður úr gallabuxum. Rauði pokinn sem hangir yfir öxlina er búinn til úr afgangum af síffoni.

MYND/ÓLAFUR MAGNÚSSON

Sækir tískuáhugann til móður sinnar

Tinna Bigum lærði fatahönnun í Listaháskóla Íslands. Hún býr og starfar í Kaupmannahöfn þar sem hún hefur fengist við ýmis skemmtileg verkefni. Endurvinnsla er henni hugleikin. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaupt
www.celsus.is



Tinna Bigum er 30 ára dansk-íslenskur fatahönnuður sem lærði fatahönnun við Listaháskóla Íslands (LHÍ). Endurvinnsla er henni afar hugleikin sem sást vel á útskriftarsýningu hennar og er fyrirferðarmikil í þeim verkefnum sem hún hefur tekið sér fyrir hendur frá útskrift.

Síðan Tinna lauk námi hefur hún verið í starfsnámi í Kaupmannahöfn, unnið fyrir áhugavert fólk og hjálpað til á tiskuvikum þar í borg. „Ég vann til dæmis nýlega fyrir danska þrónahönnuðinn Nadiu Wire. Hún hefur byggt litla þrónaverksmiðju í Kaupmannahöfn þar sem hún hannar og framleiðir flikurnar sínar í sama húsi. Í fyrra kláraði ég verkefni með vinkonu minni Amöndu Vesthardt, sem ég kynntist í LHÍ. Þá unnum við með Hjálpræðishernum hér í Kaupmannahöfn og bjuggum til litla fatalínu úr fötum frá flokkunarstöðinni þeirra.“

Hún segist ekki vita hvað framtíðin beri í skauti sér en vonast til að fá að vinna með fleiri áhuga-verðum hönnuðum og koma að fleiri skapandi samstarfsverkefnum. „Ég fékk nýlega inni í stúdíói á Vesterbro með ýmsu ólíku listafólki, þar á meðal systur minni. Þannig að vonandi eru bara spennandi tímar fram undan með skemmtilegum verkefnum og spennandi samstarfi.“

Ólíkt mörgum ungingum var ég ekki með hljómsveitir og tónlistarfólk á veggnum í herberginu mínu heldur uppáhaldsgreinarnar mínar úr Vogue-blaðinu og Cover, sem er gamalt danskt tiskutímarit.

Byrjaði allt með mömmu Hún rekur tiskuáhugann til móður sinnar. „Hún hefur alltaf haft ótrúlega fallegan stíl sem hefur verið mjög hvetjandi fyrir mig. Ég elsaði að skoða blöðin hennar með öllum þessum fallegu myndum og fötum. Ólíkt mörgum ungingum var ég ekki með hljómsveitir og tónlistarfólk á veggnum í herberginu mínu heldur uppáhaldsgreinarnar mínar úr Vogue-blaðinu og Cover, sem er gamalt danskt tiskutímarit.“

Vanda þarf valið Endurvinnsla skiptir Tinnu miklu máli enda er hún sífellt stærri hluti af tiskuiðnaðinum. „En þótt það sé lögð meiri og meiri áhersla á sjálfbærni og endurninn efni þá finnst mér það skipta litlu ef enn er framleiddur tiskufatnaður í svona miklu magni.“

Hún segir mikilvægt fyrir okkur sem neytendur að hugsa okkur vel um þegar við kaupum nýjar flikur. „Þá skiptir öllu máli að kaupa gæðaflikur sem hægt er að nota í langan tíma og forðast að kaupa eitthvað sem maður verður svo leiður á eftir nokkrar vikur.“

Einnig þurfi að forðast að kaupa fót sem eru svo illa gerð að þau eyðileggjast eftir einn þvott. „Endurvinnsla getur nefnilega verið eins konar hringrás þar sem fót fá nýtt líf þegar við seljum eða gefum þau og kaupum um leið notuð fót á fatamörkuðum.“ ■



Endurvinnsla er Tinnu Bigum afar hugleikin en hún er dansk-íslenskur fatahönnuður sem lærði fatahönnun við Listaháskóla Íslands.

Neysluhyggjukjóll eftir Tinnu Bigum sem hún bjó til úr ýmsum afgangum. Neðsti hluti kjólsins er búinn til úr garni frá Rauða krossi Íslands og ýmsum afgangum. Efri hlutinn er búinn til úr silki- og bómullarafgöngum.

MYND/ÓLAFUR MAGNÚSSON



Denim/tjull-jakki og tjullbuxur, búnar til úr gallabuxum og blómum úr denim-afgöngum. MYND/ÓLAFUR MAGNÚSSON



Óskipulagt þrjón í vinnslu í þrjónavélinni. Allt garn er frá Rauða krossinum á Íslandi auk þess sem Tinna notaði líka gamalt efni úr safni sínu. MYND/TINNA BIGUM

Endurvinnsla getur nefnilega verið eins konar hringrás þar sem fót fá nýtt líf þegar við seljum eða gefum þau og kaupum um leið notuð fót á fatamörkuðum.



Frá útskriftarsýningunni. Jakkinn er búinn til úr silki sem Tinna fékk frá bekkjarfélagu sínum á síðustu stundu. Kvittanir úr verslunum streyma niður úr vösum.

MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON.



Blóm unnin úr denim-afgöngum sem eru saumuð ofan á tjull.

Spurt og svarað

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?

„Ég fylgist með fólkinu á gangstéttum og á torgum. Tiskan er í stöðugri breytingu og þróun og það er alltaf gaman að sjá hvernig fólk túlkar tiskuna.“

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

„Það tengist mjög mikið hverjum árstíma. Yfir sumarið geng ég eiginlega bara í hvítu og sterkum litum en á veturna er það svart og og dekkri litir.“

Áttu minningar um gömul tiskuslys?

„Já, að sjálfsögðu en mér leið vel í þessum flikum á þeim tíma.“

Hvaða flikur hefur þú átt lengst og notar enn?

„Það er kjóll sem mamma mín gaf mér fyrir átta árum. Hann er svo tímalaus og klassískur. Sniðið og silúettan er úr venjulegu jersey-efni sem er svo fínt að hægt er að nota kjólinn bæði þegar ég fer fínt út að borða og sem hversdagskjól.“

Áttu uppáhaldsfataverslanir?

„Í Kaupmannahöfn er það Chamoi við Elmegade en í Reykjavík er það Fatamarkaðurinn á Hlemmi.“

Áttu eina uppáhaldsflik?

„Ég er alltaf að uppgötva upp á nýtt gamlar flikur sem ég hef átt lengi. Í augnablikinu er uppáhaldsflikin mín vintage Kenzo-bolur úr Mesh.“

Bestu og verstu fatakaupin?

„Ég held að bestu kaupin mín hafi verið létt-blómstraður kimonó sem ég keypti í París árið 2016. Ég hef notað hann svo mikið að ég hef þurft að gera við hann oft. Hins vegar er ég búin að gleyma verstu kaupunum.“

Notar þú fylgihluti?

„Já, ég elsa að finna nýjar leiðir til að „styla“ gömul „outfit“ með nýjum fylgihlutum eða leika mér að því að blanda saman öllum skartgripunum mínum.“

- NJÓTTU ÞESS AÐ VERSLA HEIMA -

NTC.is

YFIR 100 VINSÆL MERKI FRÁ ÞÍNUM
UPPÁHALDS VERSLUNUM INNÁ NTC.IS

galleri **sautján**

gs skór

SMASH
URBAN

Kultur

K A R A K T E R
KONUR

Kultur
menn

eva

C  M P A N Y S

GK

REYKJAVÍK

1-2 DAGA HEIMSENDING



www.ntc.is



online@ntc.is



[ntc.is](https://www.instagram.com/ntc.is)



[ntciceland](https://www.facebook.com/ntciceland)

Öllu tjaldað til á tískuvíkunni í Mílanó

Tískuvíkunni í Mílanó á Ítalíu lauk um nýliðna helgi þar sem öllu var tjaldað til.

gummih@frettabladid.is

Yfir 50 hefðbundnar tiskusýningar ásamt tugum kynninga voru haldnar í þessari næststærstu borg Ítalíu á meðan sex daga tiskuveislan var í gangi og að venju var mikið um dýrðir hjá stærstu tiskuhúsum heimsins. Dolce&Gabbana, Gucci, Versace, Prada, Giorgio Armani, Diesel, Vitelli og Max Mara voru meðal þeirra sem sýndu sínar nýjustu línur fyrir næsta haust og vetur.

Tískuvikan í Mílanó hefur verið haldin allar götur frá árinu 1958 og er hluti af fjórum stærstu tiskuvíkum í heiminum en hinar þrjár eru tiskuvikurnar í London, París og New York. Þessar tiskuvikur eru haldnar tvisvar sinnum á ári.

Hér má sjá nokkrar myndir frá tiskuvíkunni í Mílanó, sem laðar að sér fjölda fólks á hverju ári en Mílanó er jafnan nefnd sem ein af helstu tiskuborgum heimsins. ■



Litrik kápa og pils frá hinu heimspekta ítalska vörumerki Dolce&Gabbana.

Skrautlegur stuttur kjóll úr smiðju Vitelli frá Ítalíu.



Smekklegur bleikur kjóll frá bandaríska framleiðandanum Aniya Records. **FRÉTTABLAÐID/GETTY**



Ítalski áhrifa-valdurinn og tiskubloggarinn Valentina Ferragni í sínu finasta þússi á leið á eina af mörgum tiskusýningum í Mílanó á dögunum.



Stílhrein dragt og veski í sama lit frá Luisa Spagnoli.

Liprari liðir, alla daga

BUILD-YOUR-JOINTS

fyrir bættan hreyfanleika, uppbyggingu brjósks og heilbrigði liða

GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á goodroutine.is



40 mg
Kollagen týpa II



100 mg
Víðisbörkur



50 mg
Kúrkúmín



2,5 mcg
D3-vítamín





YESTA Ankaria tunika
Stærðir 44-60
Verð 11.980 kr

YEST/YESTA Sið skyrti
Fæst líka í Taupe
Stærðir 36-52
Verð 12.980 kr

YEST/YESTA
stuttermakjöll með pólokraga
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

ZE ZE Sarah
kvartermakjöll með pífu
Stærðir 38-48
Verð 12.990 kr

YEST/YESTA gallabuxur
Fást líka í bleiku og Taupe
Stærðir 36-52
Verð 14.980 kr



ZE ZE Salma shiffon kjöll
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr

ZE ZE stuttur pífu kjöll
Fleiri litir til
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr

ZE ZE tunika
Fleiri litir til
Stærðir 38-48
Verð 12.990 kr

ZHENZI Dalary tunika
Stærðir 42-52
Verð 10.990 kr

ZE ZE Sanne
öklabuxur með rennilás á skálm
Fleiri litir til. Stærðir 34-48
Verð 11.990 kr



YESTA Hailya opin peysa
Fæst líka í ljósgrænu
Stærðir 44-56
Verð 12.980 kr

LASESSOR Minja herðaslá
Fleiri litir til
Verð 6.990 kr

LASESSOR Siri
létt herðaslá
Fleiri litir til
Verð 8.990 kr

LASESSOR Moomin
fjölnotapoki
Verð 2.990 kr

LASESSOR Moomin
sjálflysandi endurskinsmerki
Fleiri gerðir til
Verð 2.590 kr



Andri hefur gaman af því að leika sér með kynjaimyndir.



Andri starfar í Kaupmannahöfn.

MYND/DILJÁ HILMARSÐÓTTIR



Þessi kjóll úr notuðum bolum er alger sleggja. MYND/MOE



Benjamin Dysager klæðist hér frakka/kjól úr línu Andra Unnarsonar og rokkar lúkkið alla leið.



Fatnaðurinn er 90% úr endurunnum hráefnum. MYND/JAMES COCHRANE



Töff frakki, eingöngu úr notuðum gallabuxum. MYND/JAMES COCHRANE



Þessi leðurjakkí er algerlega 100% gerður úr úrgangs-hráefni og er eiginlega bara enn betri fyrir vikið.

Sjálfbærni er dónaorð innan geirans



Jóhanna María Einarsdóttir jme @frettabladid.is

Andri Unnarson hefur unnið með nokkrum af dádustu listamönnum Íslands. Eftir að hafa sleikt sárin í kjölfar faraldurs og ástarsorgar stígur hann nú skrefið sem sjálfstætt starfandi fatahönnuður í Kaupmannahöfn.

„Eftir námið í KADK í Danmörku tók ég mér ár þar sem ég dútlaði mér í smærri verkefnum. Ég var úrvinda eftir námið og Covid-faraldurinn og í ástarsorg í ofanálag, þannig að ég þurfti tíma til að sleikja sárin. Núna er ég orðinn fullur af eldmóði og kominn á skrið sem sjálfstætt starfandi hönnuður,“ segir Andri Unnarson, en að sögn er margt spennandi í bigerð á næstunni hjá honum.

Óttablandin virðing fyrir jörð
Andri er búsettur í Kaupmannahöfn og er með vinnustofu við Nørrebro þar sem hann vinnur almennt að hönnun sinni, nema þegar hann tekur að sér verkefni á erlendri grundu. Hönnun Andra hefur vakið athygli vegna einstakrar efnisnotkunar og virðingar fyrir náttúrunni og umhverfinu.

„Af hönnuninni stafar óttablandin virðing fyrir móður jörð og því hvernig við komum fram

við bæði hana og við hvert annað. Fyrst og fremst skoða ég hvernig ég get nýtt það sem er til nú þegar, hvernig megí endurvinnna efnivið líkt og notaðar flikur, fullnýta restar úr annarri framleiðslu og láta ferlið haldast í hendur við það,“ segir Andri.

Listrænt egó eða hlýnun jarðar
Undanfarin ár segist hann hafa reynt að aflæra það hvernig hann nálgast textíl og hráefni til að skapa. „Ég er að skoða hvaða ákvarðanir ég get tekið við að skapa textíl eða flik sem gengur sem minnst á auðlindir jarðar. Mitt listræna egó má aldrei verða mikilvægara en hlýnun jarðar,“ segir hann og heldur áfram:

„Sjálfbærni er oft ákveðið dónaorð innan þessa geira því það þykir ekki nógu spennandi. En hún verður að vera möguleg. Það er tilgangslaut að hanna tísku ef við getum ekki notið hennar. Á meðan heimurinn býr til rúmlega hundrað milljarða af flikum á ári hverju mun neysluhyggjan á endanum lúta í lægra haldi fyrir áþreifanlegum vandamálum. Ef splunkunýtt par af gallabuxum kostar um tíu þúsund lítra af vatni, myndu flestir kjósa vatnssopann í heimi sem versnandi fer.

”Ef splunkunýtt par af gallabuxum kostar um tíu þúsund lítra af vatni, myndu flestir kjósa vatnssopann í heimi sem versnandi fer.

Andri Unnarson

En þá er gott að hafa spjátrunga eins og mig á kantinum til að rannsaka hvernig maður getur notað öll þessi fót sem efnivið í staðinn og eina auðlindin sem þarf er bara einn Tuborg Grøn í lok vinnuvikunnar,“ segir Andri kankvís.

„Hráefni í sköpun mína fæ ég úr öllum áttum. Stundum kaupi ég notað í gegnum nytjamarkaði, stundum fæ ég gefins. Gaman er þegar ég finn auðlind sem eru afgangar úr annarri framleiðslu. Til að mynda er mikið af leðrinu sem ég nota úrklippur úr danskri húsgagnaframleiðslu,“ segir hann.

Brotnar líkamsm myndir
Innblasturinn segir Andri koma víða að: „Þegar kemur að hugmyndavinnu skoða ég mikið alls konar sjálfsmyndir, einkum í sambandi við „kynusla“, þá sérstaklega í kringum karlmennsku. Hlutirnir sem ég nota sem hráefni skilgreina oft líka heilar kynslóðir fólks sem klæðist þeim, líkt og gallabuxur eða hvítar skyrtur. Hvít skyrtu sem efniviður getur dregið upp margs konar samfélagshópa sem innblástur, allt frá skrifstofufólki til sjómila.

Ég fylgist líka með því sem er að gerast í tískuheiminum og finnst geggjað að sjá að tískuheimurinn

virðist loks vera að læra að horfast í augu við sjálfan sig. Umræðan í kringum pallana er orðin önnur en hvað allt sé alltaf frábært. Það er svo margt rotið við þennan iðnað og nýju kynslóðirnar eru sérstaklega farnar að gefa því gaum og hætta taka þátt í eitrunu. Léleg eða engin laun, langir vinnutímar, falskar væntingar og brotnar líkamsm myndir. Þetta er allt orðið svo þreytt og mikið þrot.

Marine Serre er ein af þeim hönnuðum sem eru heldur betur að sýna heiminum hvernig það er hægt vinna sjálfbært með gasalegum tilþrifum. Annars er líka alltaf gaman að sjá hvað þessi stóru ljóðrænu hús eru að gera eins og Rick Owens, Thom Browne, Schiaparelli og Prada. Á Íslandi finnst mér æðislegt að fylgjast með hvert Kormákur & Skjöldur eru að fara með íslenska tvíðið. Svo er alltaf gaman að kíkja í litríkt og lúxus hjá Apótek Atelier,“ segir Andri.

„Enn sem komið er er ekki hægt að nálgast mína hönnun á Íslandi en vonandi breytist það í lok þessa árs eða í byrjun þess næsta,“ segir Andri en áhugasömum skrautfjöðrum býður Andri að fylgjast með sér á Instagram: @andriunnarson. ■

Yfirhafnir fyrir vorið

Mikið úrval af fatnaði í stærðum 42-60
Sjáðu úrvalið í netverslun www.Curvy.is
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy



Fransa Primaloft úlpa
25.990 kr



Maya Vesti
8.990 kr



Kaluka útivistarjakki
22.990 kr



Kaluka útivistarbuxur
18.990 kr

Asta Softshell Jakki
14.990 kr



Adventure Jakki
27.990 kr



Íþróttasólar og skrautsteinar í lúxus bóhemstíl



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Á dögunum kom út skólinan Divine Love eftir fatahönnuðinn Sigrúnu Úlfarsdóttur. Þetta er afslöppuð og þægileg skólína í lúxus bóhemstíl.

Sigrún hefur mikla ástríðu fyrir hönnun og hefur hannað allt frá dúkkufötum í barnæsku og til alls hins sem er að gerast hjá henni í dag. Hún fagnaði nýjustu hönnun sinni og bauð til hönnunarboðs þar sem nýja skólinan var kynnt.

„Ég hef teiknað, hannað og búið til eitthvað síðan ég man eftir mér og ávallt haft áhuga á fallegum hlutum. Mér finnst reyndar allt fallegt, og sé fegurð í öllu,“ segir Sigrún sem fór í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, sem er Listaháskólinn í dag.

„Svo langaði mig að læra meiri hönnun og var næstum sama hvaða hönnun. Ég fór til Sovétríkjanna upp úr tvítugu til að læra rússnesku og leikhúshönnun. Það var mjög áhugavert, því í Rússlandi er svo mikið af stórkostlega fallegri menningararfleið sem blandaðist á mjög sérstakan hátt við sovéska stílinn. Áhugi minn á Rússlandi hefur ávallt verið til staðar og ég kom þangað fyrst 18 ára gömul með foreldrum mínum. Frá þeim tíma hef ég elskað rússneska popptónlist. Svo langaði mig að rannsaka þessa menningu nánar og fór aftur þangað í nám þremur árum síðar,“ segir Sigrún sem kynntist eiginmanni sínum til tuttugu ára í Rússlandi. Saman eiga þau soninn Atla Vassili sem nú er 22 ára og býr í París.

„Það var eiginlega í Rússlandi sem áhugi minn á tískuhönnun vaknaði, þótt ótrúlegt megir virðast. Hann hefði líklega kviknað á öllum öðrum stöðum, en alla vega fórum við Dimitri til Parísar og ég lærði fatahönnun við tískuskólann ESMOD. Eftir námið fórum við aftur til Moskvu og þar vann ég sem hönnuður í rússneskum leikhúsum á árunum 1989–92,“ segir Sigrún.

Lagerfeld kúltiveraður og fagaður
Aðspurð segist Sigrún eiga sér fyrirmynd á meðal hönnuða.

„Ég vann fyrir Karl Lagerfeld og finnst hann enn æðislegur og mikil fyrirmynd. Hann var líka svo kúltiveraður og fagaður. Hann hefur samt aldrei notað mikið af litum, sem ég er sjálf mikið fyrir. Ég er líka hrifin af Gucci, eins og það hefur verið undir listrænni stjórn Alessandro Michele, sem mjög litskrúðugt merki. Ég dáist líka að Balenciaga og hönnuðinum



Guðrún Gunnarsdóttir, vinkona Sigrúnar, var alsæl með nýju skóna sína úr Divine Love línunni. FRÉTTABLAÐID/VALLI



Sigrún Úlfarsdóttir hefur hannað drauma-skólinu sína. Einkennandi eru þægindi þar sem mjúkir sólar og skrautsteinar sameinast.



Gleðin var í fyrirrúmi þegar Sigrún kynnti nýju skólinuna sem sló í gegn.



Arna G. Einarsdóttir, Eva Dögg Sigurgeirsdóttir og Þóra H. Ólafsdóttir létu sig ekki vanta þegar skólinan var kynnt, enda annálaðir tiskusérfræðingar.

þar, Demna Gavsalia. Það merki er reyndar ekki mjög litríkt, en þeir hafa svo flott form. Munurinn er sá að Lagerfeld/Chanel og Balenciaga eru frönsk merki en Gucci er ítalskt merki. Frakkar vilja hafa stílinn svolítið meira „strict“.

Fyrsta hönnunarstarf Sigrúnar var hjá Charles Jourdan, stóru skófyrirtæki í París.

„Þeir framleiddu eigin skólinur í Suður-Frakklandi, sem er ótrúlegt að hugsa til í dag. Fyrirtækið endaði næstum á því að fara á hausinn upp úr 2000, vegna þess að það þurfti að borga frönsk laun. Tímarnir voru að breytast og skóverð í heiminum að lækka. Þeir framleiddu enn fremur skó fyrir fullt af öðrum merkjum, til dæmis Lagerfeld og Chanel. Þeir framleiddu fyrir fyrirtæki sem notuðu „made in France“ sem mikilvægan sölupunkt,“ upplýsir Sigrún.

Það var þannig sem hún komst að hjá Lagerfeld.

„Ég byrjaði að hanna skó fyrir Lagerfeld hjá Charles Jourdan. Svo fór ég að hanna skartgripi og töskur fyrir Lagerfeld. Innblásturinn fyrir akkúrat þessa skólinu var að mér finnst hannaðir hlutir oft of fastir í sinni kategoríu. Miðað við hvernig þjóðfélögin eru að þróast eru tiskukategoríur enn mjög íhaldssamar. Mig langaði að gera skó með gimsteinum, en samt íþróttasóla. Það eru mest keyptu og þægilegustu sólar í heiminum í dag en yfirleitt getur maður bara fundið skó með íþróttu-útliti að ofan. Mig langaði að blanda þessu saman.“

Orkustöðvar í mannslikamanum
Nafnið á línunni er það sama og á fyrirtæki Sigrúnar, Divine Love.

„Nafnið kemur þannig til að á tímabili hafði ég mikinn áhuga á orkustöðvum/chókrum í indverskum Ayurveda-fræðum. Ég bjó til orkustöðva-skartgripi sem voru seldir í Icelandair-Saga shop og búðum í París. Hjartastöðin er miðchakran af sjö aðalorkustöðvum í mannslikamanum. Hún er miðstöð ástar og kærleika og Divine Love er alheimskærleikurinn. Það er hvort eð er eina orkan sem til,“ segir Sigrún.

Hönnunarferlið tók sinn tíma en Sigrún byrjaði að hanna skólinuna í byrjun árs 2021. „Venjulega tekur ekki svona langan tíma að hanna skólinu, en í Covid árin 2021 og 2022 tók allt lengri tíma en venjulega. Verksmiðjan var oft lokuð og framleiðsla á frumgerðum á skóm almennt er ekki möguleg í fjarvinnu. Venjulega tekur kannski mánuð að fá hugmyndir og teikna þær, síðan tekur fjóra til sex að fá frumgerðirnar framleiddar. Eftir það fer þetta að ganga hraðar.“

Hönnun Divine Love-skólinunnar er afslöppuð og þægileg.

„Skórnir eiga að vera í lúxusbóhem stíl. Svo hef ég alltaf verið veik fyrir Biba sem var hönnuður í Seventies í Chelsea í London og hannaði í lúxuslegum hippa-art nouveau stíl. Skólinan mín er framleidd í Portúgal, bæði af því ég elska Portúgal og vegna þess að þeir framleiða gæðavöru sem vart er hægt að fá í Evrópu. Framleiðslan er svo miklu betri en sams konar framleiðsla frá Kína,“ segir Sigrún og von er á fleiri týpum.

„Í undirbúningi eru fleiri skómódel. Ég hef ekki notað hæla í þessari línu en langar að bæta þeim inn. Mér þykja ítalskir hælur fallegastir, mun fá þá og senda út hælaskó og fleiri skó seinna á árinu. Þeir verða líka seldir í einhverjum „boutiques“ í Frakklandi frá og með haustinu.“

Fyrir áhugasama er skólinan Divine Love seld í Kaupfélaginu í Kringlunni og Smáralind. Einnig er hægt að skoða skartgripi Sigrúnar á divinelove.is ■

Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrolt! Eru tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

100% náttúruleg hvannarrót

60 HYLKI | FÆÐUBÓÐSÆFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun, Hagkaupum og Nettó.

Skjaldborgin utan um fjármálaráðherra



Björn Leví Gunnarsson
Þingmaður Pírata

Enginn ráðherra á nokkurn tíma að komast upp með það að ráða fjölskyldumeðlim í vinnu, hvort sem það er viljandi eða óvart. Enginn ráðherra á heldur að komast upp með það að selja fjölskyldumeðlim hlut í ríkisfyrirtæki, hvort sem það er viljandi eða óvart.

En óvart? spyr kannski einhver – það hlýtur nú að vera afsakanlegt, er það ekki? Nei, nefnilega ekki. Ráðherra á einmitt að passa upp á að ekkert slíkt gerist óvart, að ekkert slíkt geti gerst óvart. Ef hann gerir það ekki heitir það einfaldlega vanræksla. Í stjórnsýslulögum er talað um hina svokölluðu rannsóknarreglu sem snýr að því að „stjórnvald [skuli] sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“ Eitt af því sem þarf að skoða er hvort ráðherra sé hæfur til þess að taka ákvörðun, til dæmis vegna hagsmunatengsla. Efráðherra veit ekki hvort hagsmunaárekstur gæti átt sér stað í ákvörðuninni er



hún væntanlega ekki nægjanlega upplýst.

Nú er það þó skjalfest og óumdeild staðreynd að fjármálaráðherra seldi föður sínum hlut í Íslandsbanka. Samkvæmt lögum bar ráðherra

ábyrgð á því að samþykkja eða hafna þeim tilboðum sem bárust, og það gerði hann. Hvort sem ráðherra samþykkti öll tilboðin í einu eða ekki þá breytir það engu um hagsmunatengslin sem voru til staðar og ráð-

herra hefði átt að vera upplýstur um þegar hann tók ákvörðunina.

Þrátt fyrir að þetta liggi allt fyrir hafa stjórnarliðar sameinast um að slá upp skjaldborg utan um fjármálaráðherra. Þar er snúið út úr í gríð og erg og því haldið fram að útboðið hafi í raun ekki verið lokað, að ákvörðun ráðherra snúist bara um verð og magn. Svo er full- yrt að faðir fjármálaráðherra hafi nú mátt kaupa og að engin lög hafi verið brotin. Svo var það jú ráðherra sem hafði frumkvæði að því að gera skýrslu og birta kaupendalista. Að lokum er svo fullýrt að ráðherra hafi bara ekkert vitað að faðir hans væri að kaupa hlut í bankanum.

Þetta er til þess gert að reisa skjaldborg utan um fjármálaráðherra – en allt er þetta reist á sandi, veggurinn er sprunginn og í honum er mygla sem smitar allar aðrar stoðir samfélagsins. Það má ekki gerast að fjármálaráðherra komist upp með að selja föður sínum hlut í ríkiseign. ■

Nú er það þó skjalfest og óumdeild staðreynd að fjármálaráðherra seldi föður sínum hlut í Íslandsbanka.

Um matarsóun



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

Sjaldan ber á einum stærsta þætti matarsóunar í umræðum um hana. Vissulega ræður matarsmekkur fólks, matvælaverð, leit eftir sem ferskastri vöru, álit á úrgangi sem hráefni, kröfur um vöruúrval, og ýmislegt fleira, miklu um matarsóun. Hún nemur a.m.k. mörg hundruð tonnum á ári í höfuðborginni einni. Afar hægt gengur að vinna bug á meginhluta þessarar mjög svo bagalegu stöðu. Hvað á ég við? Svarið er: Verslunarhætti. Mörgum hnykkir við þegar ég held því fram að stórmarkaðsvæðing og ofuráhersla á forpakkaða matvöru og flókna magnstýringu vörutegunda valdi beinlínis mikilli matarsóun. Samtímis verður til gríðarlegt magn tómrar eða fullrar umbúða sem enda „í ruslinu“ þar sem sumt er endurnnið með einhverju móti en stór hluti enn urðaður. Þar stefnir þó að breytingum.

Matvælasala er að langstærstum hluta í eigu örfárra stórfyrirtækja.

Matvælasala er að langstærstum hluta í eigu örfárra stórfyrirtækja.

Búðir þeirra eru um sumt ólíkar en margt er þeim sameiginlegt. Nefni vöruval, staðlaða stærð pakkninga, of litla vörusölu eftir vigt, óþjál stórinnskaup og offramboð, langar aðflutningsleiðir vara og hluta ferskvara sem fylgir ekki árstíðum. Fyrirtækin taka líka yfir æ meira af sérvöru (t.d. af snyrtivörum) og íslenskum iðnvörum (t.d. með erlendum bakstursvörum o.s.frv.).



Ekki er nóg að biðja kúnnana um aðhald eða slá af vöruverði á síðasta söludegi – fyrirtækin verða sjálf að endurskoða rekstur, fákeppnina, verslunarhættina og fleira. Samtímis verða stjórnvöld, verslunareigendur og áhugafólk um verslun, hagsmunasamtök, sveitarfélög og ríkisvald að stuðla að breytingum. Þær þurfa að ýta undir smærri verslunareiningar í nærumhverfinu, markaði sem selja eftir vigt og sérhæfða þjónustu (í takt við aukna vefverslun). Um leið ber að skipa umhverfismálum, loftslagsmálum, hollustu matvæla, fæðuöryggi og nærþjónustu stærri sess í skipulagi og verslunarháttum en við höfum vanist.

Óskin um „allt á einum stað“, löng leið í búðina, stjórnlítill innpökkun vara í plast, foreldun fæðu, óskilvirk eða ónákvæm innkaup eftir þörfum og margt fleira einkenna lífshætti sem henta ekki nógu vel í samtímanum. ■

Tíðindalaust á Íslandi



Jón Steindór Valdimarsson
formaður Evrópuhreyfingaráhrinnar

Endurmat hagsmuna er skylda stjórnvalda á hverjum tíma. Hagsmunir geta breyst með hægfara þróun eða gerst í kjölfar óvæntra atburða. Árásarstríð Rússa er óvæntur stóratburður sem kallar á endurmat þar sem eru undir sameiginleg gildi, vörn gegn uppgangi hugmyndafræði sem byggir á valdi hins sterka, einræðistilburðir, vanvirðing mannréttinda og frjálslyndra viðhorfa í stóru sem smáu. Þá eru öryggis- og varnarmál, orkumál, umhverfismál og greið viðskipti einnig stór þáttur í slíku endurmati.

Breytt um kúrs

Í flestum ríkjum og stofnunum Evrópu, sem eru vestan við landmæri Rússlands, hefur innrás Rússa í Úkraínu leitt til mikillar umræðu og endurskoðunar á viðhorfum og stefnu. Nærtækast er að benda á umskiptin í Finnlandi og Svíþjóð gagnvart aðild sinni að NATO. Í

þeim efnum var ákveðið að ráðast í endurmat og á grundvelli þess skipt um áratuga gamla stefnu og sótt um aðild.

Djúpstæð áhrif

Það blasir við öllum að innrás Rússa í Úkraínu mun hafa langvarandi og djúpstæð áhrif á samvinnu og samstarf Evrópuríkja. Þess vegna þarf að þetta raðirnar og gæta þess um leið að stjórnarfar, mannréttindi, frelsi og öll samskipti innan Evrópu sjálfrar lúti þeim gildum sem við erum flest sammála. Evrópa, þar sem þungamiðjan eru ESB-ríkin og náð samstarf þeirra, þarfað styrkja innviði sína, huga sem aldrei fyrr að sjálfbærni og sjálfstæði sínu á öllum sviðum. Það er varhugavert að treysta um of á aðra, hvort sem er á sviði viðskipta, orku eða öryggis- og varnarmála, nema það traust sé á bjargi reist.

Trausti vinurinn

Hér kemur líka til skoðunar hvort Evrópa leggi of mikið traust á Bandaríkin sem einhvers konar bakhjarl sem alltaf komi til skjalanna ef ógn steðjar að, einkum á sviði varnar- og öryggismála. Á liðnum árum hefur komið skýrt fram að ekki er alltaf víst að valdhafar þar á bæ beri hag Evrópu fyrir

Sömuleiðis benda kannanir eindregið til þess að viðhorfsbreyting sé að verða meðal almennings og að meirihluti sé að verða fyrir því að ganga í Evrópusambandið.

brjósti og séu tilbúnir til að leggja á sig fórnir hennar vegna. Þá er óvist að almenningur í Bandaríkjunum styðji heilshugar það hlutverk sem Bandaríkin hafa leikið í öryggis- og varnarmálum allt frá síðari heimsstyrjöld.

Varðstaða um gildi

Ísland á hér gríðarlega mikilla hagsmuna að gæta. Þá þarfað verja. Nærtækasta leiðin, og sú sem blasir

við sjónum, er að Ísland gangi í Evrópusambandið. Þannig verjum við okkar hagsmuni um leið og við göngum í lið með þeim sem standa þéttastan vörð um þau gildi og þjóðfélagsskipan sem við aðhyllumst. Fyrir okkur er enn viðtækara og öflugra samstarf innan ESB besta leiðin sem er í boði til þess að stuðla að stöðugleika, friði og frelsi í álfunni.

Ærin verkefni

Endurmatið er ekki bara nauðsynlegt vegna árásarstríðs Rússa sem hefur svipt hulunni af ógn við frið og fullveldi þjóða. Fleira kemur til sem hefur af vaxandi þunga bæst á verkefnaskrá Evrópuþjóðanna og varðar viðfangsefni sem verður að leysa í sameiningu. Dæmi um þetta eru loftslags- og umhverfismál, mál- efni innflytjenda og flóttamanna, matvæla- og orkuöryggi og málefni norðurslóða svo einhver séu nefnd.

Tíminn stendur í stað

Það veldur vonbrigðum að íslensk stjórnvöld taka þessar breyttu aðstæður og þýðingu þeirra fyrir stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu af einkennilegu fálæti. Að því er virðist er að þeirra mati engin ástæða til að skoða þessi mál af alvöru, að minnsta kosti ekki þegar

kemur að hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Forystufólk flokkanna heldur sig fast við að hér þurfi ekkert að skoða og hafi ekki þurft um langa hríð. Þess er því ekki að vænta að stjórnvöld muni hafa nokkurt frumkvæði í þessum efnum.

Haldið fyrir augu og eyru

Nú rís hins vegar bylgja almennings sem krefst þess að vera spurð um hvort taka eigi upp aðildarviðræður við ESB að nýju. Þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um málið til þess að leiða fram þjóðarviljann með skýrum hætti. Sömuleiðis benda kannanir eindregið til þess að viðhorfsbreyting sé að verða meðal almennings og að meirihluti sé að verða fyrir því að ganga í Evrópusambandið. Nú er spurning hvort stjórnvöld haldi uppteknum hætti og haldi fyrir augu og eyru, sjái ekkert – heyri ekkert.

Tímabært að spyrja

Staðreyndin er sú að þjóðin hefur aldrei verið spurð beint að því hvað hún vill í þessum efnum. Því vill Evrópuhreyfingin breyta því það er ekki tíðindalaust í Evrópu.

Deilir þú þeirri skoðun skaltu ganga til liðs við okkur á www.evr-opa.is. ■



Ljóst er að róðurinn er þungur hjá þeim félögum sem skilað hafa ársreikningi sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Laun og launa-
tengd gjöld
hækka um
20 millj-
ónir á milli
ára hjá HK.

Tuga milljóna króna tap í Vesturbænum

Félög í efstu deildum í knattspyrnu eru byrjuð að birta ársreikninga sína fyrir síðasta ár. Er þetta hluti af leyfis-kerfi KSÍ sem gerir ráð fyrir að félögin birti reikningana opinberlega. Þau félög sem skilað hafa ársreikningi voru rekin með tapi á síðasta ári.

hordur@frettabladid.is.

Knattspyrnudeild KR var rekin með miklu tapi á síðasta ári en stjórn deildarinnar gerir ráð fyrir finum hagnaði í ár. Í heildina var tapið á knattspyrnudeildinni 26 milljónir króna árið 2022. Ársreikningur KR var opinberaður fyrir stuttu og teiknar hann upp svarta stöðu í Vesturbænum.

Tvö önnur félög hafa opinberað ársreikninga sína, HK og Fram.

Laun og launatengd gjöld hækka hjá KR um átta milljónir á milli ára en knattspyrnudeildin gerir ráð fyrir að launin hækki um sex milljónir á þessu ári. Auglýsingar og samstarfsaðilar KR voru heldur betur í góðum gir árið 2022 en sá tekjulíður hækkaði um 39 milljónir á milli ára og var 84 milljónir. Gerir KR ráð fyrir að þessi líður hækki upp í 93 milljónir á þessu ári.

Í ársreikningi KR munar mestu um sölur á leikmönnum. Árið 2021 seldi KR leikmenn fyrir 50 milljónir en þá fóru Jóhannes Kristinn Bjarnason og Finnur Tómas Pálmason til Svíþjóðar. Tekjur af sölu leikmanna minnkuðu um 36 milljónir á milli ára en Jóhannes og Finnur hafa snúið til baka úr atvinnumennsku og eru leikmenn KR í dag. Félagið gerir ráð fyrir að selja leikmenn í ár fyrir fjórar og hálfa milljón króna.

Fram

Rekstrartekjur: 100 milljónir
Rekstrargjöld: 118 milljónir
Laun og launatengd gjöld: 99,8 milljónir
Útsendingaréttur: 32,7 milljónir
Tap ársins: 3,5 milljónir

KR

Rekstrartekjur: 315,7 milljónir
Rekstrargjöld: 340 milljónir
Laun og launatengd gjöld: 164 milljónir
Útsendingaréttur: 28,1 milljón
Tap ársins: 26 milljónir

HK

Rekstrartekjur: 203 milljónir
Rekstrargjöld: 217 milljónir
Laun og launatengd gjöld: 177 milljónir
Útsendingaréttur: Óuppgefið
Tap ársins: 16 milljónir

Um áramót hafði KR rúmar þrjár milljónir í handbært fé en sú tala var rúmar 10 milljónir króna undir lok árs 2021.

Tekjur ruku upp en tap á rekstri
Fram var nýliði í Bestu deild karla á síðasta ári en að auki var félagið með lið í þriðju efstu deild kvenna þar sem liðið fór upp um deild. Tekjur knattspyrnudeildar Fram jukust um 43 milljónir á milli ára og þar er helsta skýringin endurkoma liðsins í efstu deild karla.

Tekjur knattspyrnudeildar voru rúmar 100 milljónir króna á síðasta ári en voru rétt um 57 milljónir árið á undan. Helsta hækkunin er í formi útsendingaréttar og styrkja frá KSÍ en þar fékk Fram 30 milljónir í ár, borið saman við 1,9 milljónir á síðasta ári.

Segja má að algjört launaskrið hafi orðið hjá Fram á milli ára. Árið 2021 var launakostnaður 49 milljónir króna en var rúmar 99 milljónir króna á síðasta ári.

Fram seldi leikmenn fyrir tæpar 15 milljónir króna og hækkaði sú tala um tæpar 13 milljónir króna á milli ára.

Rekstrarkostnaður við knattspyrnudeild Fram hækkar um tæpar 70 milljónir á milli ára en tapið á rekstrinum var 3,5 milljónir á síðasta ári.

Kostnaður vegna erlendra leikmanna er skráður 2,5 milljónir en ekki er útskýrt í hvað þeir fjármunir fóru, hvort það voru ferðalög leikmanna til og frá landinu eða greiðslur til umboðsmanna. Fram átti 1,6 milljónir í óráðstafað eigið fé í árslok.

Mikið tap í Kórnum

Tekjur knattspyrnudeildar HK voru 203 milljónir króna á síðasta ári og lækkuðu þær um tvær milljónir á milli ára. 16 milljóna króna tap var á rekstrinum á síðasta ári sem er mikil sveifla á milli ára, hagnaður upp á 2,5 milljónir varð á rekstri deildarinnar árið 2021. HK tekur barna- og unglingastarf sitt inn í ársreikning en KR og Fram ekki.

„Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins,“ segir í ársreikningi HK.

Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður hjá HK var 177 milljónir króna á síðasta ári og hækkar um 20 milljónir á milli ára.

Skuldir knattspyrnudeildar voru í árslok rúmar 65 milljónir króna en handbært fé var rúmar 50 milljónir króna. Ljóst er að tekjur HK aukast verulega í ár þar sem karlalíð félagsins hefur tryggt sér sæti í Bestu deild karla. ■

UTAN VALLAR

Illa útskýrðir ársreikningar sem fela margt og segja lítið



Hörður Snævar Jónsson
hordur@frettabladid.is

Knattspyrnufélög og Knattspyrnusamband Íslands eru þessa dagana að skila ársreikningum sínum. Fyrir áhugafólk um slíkt er gaman að renna í gegnum þá en það er hins vegar hvítleitt hversu oft reikningarnir gefa ekki rétta mynd af stöðu félaganna.

Félögin virðast hafa ansi frjálsar hendur þegar kemur að því skila frá sér ársreikningum og oft er ekkert samræmi á milli þess í hvaða lið tekjurnar eru færðar – það sama má segja um kostnað.

Hér fyrir ofan má sjá ársreikninga þriggja liða sem skila sínum

ársreikningum á eins mismunandi hátt og hugsast getur. HK bregður á það ráð að setja saman barna- og unglingastarf sitt og meistara-flokka. Er þetta ein leiðin til þess að fela hvernig reksturinn raunverulega er. Ljóst er að bæta þarf reglu-verkið í kringum það hvernig ársreikningum er skilað. Að einhvers konar einn staðlaður ársreikningur sé gerður. Rekstur fótboltadeilda getur ekki verið svo mismunandi.

Knattspyrnusambandið er kannski ekki rétti aðilinn til að fara fram á slíkar breytingar enda þótt ársreikningur sambandsins



Félögin
virðast
hafa ansi
frjálsar
hendur.

sé nokkuð vel gerður þá eru tekjulíðir og kostnaðarliðir oft vel faldir. Enginn getur til dæmis komist að því hvað Evrópumót kvenna kostaði sambandið síðasta sumar. Enginn leið er að sjá hversu mikla fjármuni sambandið fékk fyrir æfingaleik gegn Sádi-Arabíu. Hefur það tíðkast hjá sambandinu í mörg ár að greina ekki nákvæmlega frá því hvernig fjármunirnir koma inn og í hvað þeir fara.

Þetta gera knattspyrnufélögin líka en í þeim ársreikningum sem hafa komið inn á þessu ári eru liðir sem ómögulegt er að lesa í. Hvað

hafa félögin að fela? KR til dæmis segir aðrar tekjur hjá sér vera 157 milljónir á síðasta ári. Það ætti ekki að vera ýkja flókið að segja frá því hvaðan þessar aðrar tekjur koma inn í kassann.

Félögin hafa svo engan áhuga á því að auglýsa birtingu ársreikninga. Skiljanlega, kannski eru þeir faldir í bakenda á heimasíðum félaganna. Þrír fyrstu ársreikningarnir sem bláðamaður fann þetta árið draga upp ansi dökka mynd af stöðu knattspyrnudeilda hér á landi. Taprekstur og stórar tölur í mínus. ■



Wendie Renard. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Allt í uppnámi og það styttest í HM

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það eru innan við fimm mánuðir í að HM kvenna í knattspyrnu hefjist í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Það ríkir þó mikil óvissa og ósætti hjá nokkrum landsliðum.

Mótmæli á meðal leikmanna í kvennaknattspyrnu hafa verið áberandi undanfarið. Það vakti mikla athygli á dögunum þegar franska knattspyrnugóðsögnin Wendie Renard tilkynnti að hún myndi stíga til hliðar þar til þjálfarinn Corinne Diacre væri horfin á braut. Liðsfélagar hennar í franska landsliðinu, Marie-Antoinette Katoto og Kadidiatou Diani, gerðu slíkt hið sama.

Noel Le Graet hefur þegar stigið til hliðar sem forseti franska knattspyrnusambandsins og Nick Bontis gerði slíkt hið sama hjá kanadíska knattspyrnusambandinu. Sá fyrrnefndi er sakaður um áreitni og leikmenn Kanada eru ósáttir við hversu mikill munur er á framkomu við karla- og kvennalandsliðið.

Þá hafa fimmtán leikmenn spænska landsliðsins dregið sig í hlé til að lýsa yfir óánægju með þjálfarann Jorge Vilda. ■

Klassískur leikur fer fram á Spáni

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það fer fram sannkallaður stórleikur í spænska fótboltanum í kvöld þegar Real Madrid tekur á móti Barcelona í undanúrslitum bikarsins.



Liðin hafa mæst tvisvar sinnum á þessari leiktíð og unnið hvort sinn 3–1 sigurinn

Um fyrri leik liðanna er að ræða. Það er alltaf líf og fjör þegar þessi lið mætast og ekki að ástæðulausu að einvígið er kallað „El Clásico“ á Spáni.

Staða Barcelona í deildinni er ansi vænleg. Liðið er á toppnum með 7 stiga forskot á Real Madrid, sem er í öðru sæti. Síðarnefnda liðið getur bætt upp fyrir það með sigri í bikarnum. ■

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi aðalskipulagsáætlana og skipulagslýsinga:

1. Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2209025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.

2. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Aðalskipulagsbreyting – 2301064

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til Brjánsstaða lóð 4, L213014. Í breytingunni felst að skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði á viðkomandi lóð.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandideiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana :

3. Miðfell 7 L234761; Lögbýlislóð og byggingarheimildir; Deiliskipulag – 2212041

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Miðfells 7. Innan deiliskipulagsins er gert er ráð fyrir stofnun lögbýlis, ásamt byggingu íbúðarhúss, hesthúss og tengdra mannvirkja.

4. Brattholt L189012; Verslunar-og þjónustulóð; Deiliskipulag – 2211046

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til verslunar- og þjónustutengdrar starfsemi í landi Brattholts. Á svæðinu er fyrir 1.429 fm hótél. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir stækkun hótels í takt við heimildir aðalskipulags sem gera ráð fyrir að hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar sé 0,1 auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu 14 smáhýsa 40-60 fm að stærð innan svæðisins. Samanlagt hámarksbyggingarmagn innan deiliskipulagsins er 4.900 fm og gestafjöldi allt að 190 manns. .

5. Hvanngiljahöll á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211043

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Hvanngiljahallar á Holtamannafrétt. Með deiliskipulaginu er staðfest núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu nýrra skála í stað þeirra sem fyrir eru. Gisting getur verið fyrir allt að 30 gesti. Skipulagssvæðið er um 4,9 ha.

6. Lynghæð L196512; Lóðir L1-L7; Deiliskipulagsbreyting – 2206038

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu.

7. 2105039 - Reykjabakki L166812; Reykjalaus; Lögbýli; Deiliskipulag – 2105039

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til hluta lands Reykjabakka L166812. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.

8. Norðurkot; Frístundabyggð, svæði 1-4; Breytt byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2301079

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis í landi Norðurkots. Breytingin tekur til svæðisins í heild. Í breytingunni felst að heimildir er varða hámarksstærð aukahúss á lóð eru felldar út úr skilmálum deiliskipulagsins.

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.

9. Hlíð spilda 1 L221538; Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting – 2109065

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 23. júní 2022 tillögu aðalskipulagsbreytingar sem að tekur til Hlíðar spildu 1 til gildistöku eftir auglýsingu. Á landinu Hlíð spilda 1 er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í dag er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og telst ekki til úrvals ræktunarlands.

10. Skálabrekka L170163; Færsla malarnámu E3; Óveruleg aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. janúar 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem tekur til tilfærslu á námupunkti E3 í landi Skálabrekku.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, [www.asahreppur.is](#) [www.blaskogabyggd.is](#), [www.floahreppur.is](#), [www.gogg.is](#) og [www.skeidgnup.is](#). Mál 1-2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 2. mars 2023 með athugasemdafrest til og með 24. mars 2023. Mál 3-8 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 2. mars 2023 með athugasemdafrest til og með 14. apríl 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#)

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

MERKISATBURÐIR



1476 Orrustan við Grandson þar sem Karl djarfi biður ósigur fyrir svissnesku ríkjunum.

1917 Nikulás 2. Rússakeisari segir af sér embætti.

1931 Mikhail Gorbatsjev, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkja-anna, fæddur.

1940 Togarinn Skutull frá Ísafirði verður fyrir áráð þýskrar herflugvélar við Bretland. Þetta er fyrsta árásin á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni.

1956 Bandarísk herflutningaflugvél ferst með sautján mönnum djúpt út af Reykja-nesi.

1957 Heilsuverndarstöðin í Reykja-vík er vígð eftir að hafa verið sjö ár í byggingu. Fyrsta deild hennar hóf starfsemi 1953.

1968 Enski leikarinn Daniel Craig fæddur.

1969 Fyrsta tilraunaflug Concorde-þotu fer fram í Toulouse í Frakklandi.

1976 Íslenska flugfélagið Air Viking verður gjald-þrota.

1978 Skemmtistaðurinn Hollywood er opnaður í Ármúla í Reykjavík.

1993 Nick Leeson er hand-tekinn fyrir sinn þátt í því að kollsteypa Baringsbankanum.

2012 Íslenska kvikmyndin Svartur á leik frum-sýnd.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Ásdís Sigríður Þorsteinsdóttir** Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 25. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 9. mars kl. 13. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Einihlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Sæmundur Örn Pálsson
Þorsteinn Pétur Pálsson
Kristinn Sigurður Pálsson
Marta Þuríður Pálsdóttir
ömmubörn og fjölskyldur

Guðbjörg Þóra Ellertsdóttir
Bergþóra Björk Búadóttir
Sólveig Alfreðsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



Björt býst sterklega við pönnukökum og pökkum í rúmið í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Einar gaf grænt á garðpartí

Björt Ólafsdóttir, fyrrverandi ráðherra, er fertug í dag og börnin hennar eru spennt fyrir afmælinu.

arnartomas@frettabladid.is

„Samkvæmt venju á ég von á pönnu-kökum í morgunmat og einhverjum pökkum,“ segir Björt Ólafsdóttir sem fagnar fertugsafmæli í dag. „Börnin mín eru sérstaklega spennt fyrir þessu.“

Afmæliseftirvænting barnanna gengur greinilega milli kynslóða því Björt man sjálf eftir því hvernig hún vaknaði eldsnemma á morgnana í æsku og neyddist til að biða eftir því að fjöl-skyldan óskaði henni til hamingju með tilheyrandi söng og gjöfum.

„Morgunstússið á afmælinu er rosa-lega sterkt í minni fjölskyldu og minn-ingarnar af því að vakna af spenn-ingi klukkan sex eru mjög sterkar. Þá var beðið eftir að hersingin mætti og ég þurfti að þykjast vera hissa þegar maður var vakinn upp,“ segir hún. „Nú er spennan komin yfir til barnanna minna svo ég fæ vonandi aðeins að sofa.“

Stórafmælisdagskráin er stíf því eftir kósíheitin í faðmi fjölskyldunnar fer Björt rակleitt í hádegismat með vin-konu sinni en dagskrárliður kvöldsins er enn á huldu því Björt má ekki vita. Þegar Fréttablaðið náði á hana var hún önnun káfin við innkaup í Costco sem eiga að nýtast í heljarinnar afmælispartí um helgina.

„Það verður partí hérna heima af gamla skólanum með tjaldi yfir garð-inn,“ segir Björt og hefur engar áhyggjur af því að vetrarhórkurnar mæti óboðnar í teitið. „Ég er búinn að spyrja Einar Sveinbjörnsson út í þetta og hann lofar mér því að lægðirnar séu búnar!“

Björt sagði skilið við pólitíkina og



Teikning af Frakkastíg 1 sem hefur sterka tengingu við Hvítserk á Vatnsnesi.

MYND/ADSEN

ráðherrastólinn fyrir nokkrum árum en starfar í dag sem framkvæmdastjóri fasteignaþróunarfélagsins. Íðu sem beitir sér fyrir byggingu á lágkolefnis-byggingum.

„Okkar byggingar bera með sér minna kolefnisfótspor en þessar hefð-bundnu og við höfum undanfarin tvö ár verið að leita að lóðum og leiðum til þess að koma þessu konsepti á fót,“ útskýrir hún.

Fyrr í vikunni fékk Íða kærkominn byr í seglin til að hanna og byggja fjöl-býlishús á Frakkastíg 1 þar sem unnið verður eftir aðferðum hringrásarhag-kerfisins.

„Verkefnið er nú fullfjármagnað og er frekar stórt,“ segir hún um bygginguna sem er hönnuð af dönskum arkitektum

og hönnunin innblásin af Hvítserk á Vatnsnesi. „Mannvirkjageirinn í dag er einn sá mest mengandi fyrir loftslagið í heiminum og byggingariðnaðurinn verður að fara að breyta um stefnu og er að gera það jafnt og þétt.“

Hvenær gætu bæjarbúar búist við að sjá þessa nýju viðbót við Frakkastíginn? „Við vonumst til að framkvæmdir geti hafist seint í haust og að húsið risi eftir kannski tvö ár.“

Þannig segist Björt hafa nóg á sinni könnu með lágkolefnisbyggingar og veisluhöld.

En saknar hún ekkert pólitíkurinnar? „Nei, ég get nú ekki sagt það. En ég sakna fólksins í pólitíkinni því það er mikið af skemmtilegu fólki í öllum flokkum.“ ■

ÞETTA GERÐIST

2. MARS 1964

Bítlarnir verða leikarar

Það var morguninn 2. mars 1964 sem Bítlarnir gengu í leikarasambandið Equity í Bretlandi, sama dag og tókur voru að hefjast á fyrstu mynd þeirra, A Hard Day's Night. Til þess að fá inn-göngu í sambandið þurftu fjórmenn-ingarnir að fá meðmæli frá tveimur félagsmönnum og tóku meðleikarar þeirra í myndinni það að sér.

Síðar um daginn voru Bítlarnir fluttir frá Paddington-stöðinni í London ásamt tókuliðinu í sérstakri lest til bæjarins Minehead og fóru tókur fram um borð í lestinni næstu daga. Þrátt fyrir að þeir hafi haft einkavagn til þess að borða í ákváðu vinirnir þó að

sitja fyrir utan lestina í matarhléum við tókur.

Á settinu kynntist George Harrison Pattie Boyd, sem átti síðar eftir að verða eiginkona hans, en hún fór með lítið hlutverk í myndinni. Annar eftir-tektarverður aukaleikari var ungur Phil Collins sem átti síðar eftir að gera garðinn frægan með hljómsveitinni Genesis. Tökum á Hard Day's Night lauk 24. apríl 1964.

Myndin var síðan frumsýnd 6. júlí sama ár, daginn fyrir 24 ára afmæli Ringos Starr. Hún fékk almennt góða dóma og er í síðari tíð af mörgum talin besta kvikmynd sveitarinnar. ■



Miklu meira en bara ódýrt

Snjósköfur
frá kr 2.985,-

Bílaskóflur
verð frá
kr 2.495,-

Álskófla Fiskars
frá kr 2.895,-

Bílrúðuskafa
m/klústi
kr. 1.995,-
(frá 995)

Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast&Stál

Strákústar
frá kr 995,-

Bílrúðusköfur
frá kr 295,-

Strekkibönd

Klakasköfur

Hálkubroddar
kr 895,-

Yfirbreiðslur
margar stærðir

Hitamælar
í miklu úrvali

Dráttartóg
frá kr 2.495,-

Starkaplar
frá kr 1.995,-

Rúðuvökvi

Hálkusalt

Íseyðir
kr 995,-

Höfuðljós
kr 995,-

Vasaljós
í miklu úrvali

VIAIR 12V
Loftdælur

Neyðarkeðjur
Plast

Hleðslutæki



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

SJÓNVAPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín **Vikurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Frisk eftir fimmtugt Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar. (e)
20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
21.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf. (e)

RÚV SJÓNVARP

11.20 HM í skídagöngu
13.10 Fréttir með táknmálistúlkun
13.35 Heimaleikfimi
13.45 Kastljós
14.10 Útsvar 2017-2018
15.20 Á tali hjá Hemma Gunn 1992-1993
16.40 Hvunndagshetjur
17.10 Soð í Dýrafirði
17.25 Landinn
17.55 Langi Seli og Skuggarnir. OK
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Bakað í myrkri
18.29 Undraverðar vélar Grace Webb sýnir okkur alls konar töff farartæki. Mótórhjól, kappakstursbíla, strætisvagna, flugvélar, báta og allt þar á milli.
18.43 KrakkaRÚV - Tónlist
18.45 Krakkafréttir með táknmálistúlkun
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Ímynd
20.35 Okkar á milli Birgir Örn Steinarsson sálfræðingur og tónlistarmaður er gestur í Okkar á milli. Hann er listamaður á mánudögum og hina dagana vinnur hann sem sálfræðingur.
21.00 Ljós móðirinn
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin
23.00 Heima
23.25 Lea
00.05 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.00 Dr. Phil
12.44 The Late Late Show with James Corden
13.24 The Block
14.13 Love Island
14.59 The Bachelor
16.55 Survivor
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show with James Corden
19.10 The Moody's
19.40 Ghosts
20.10 Læknirinn í eldhúsinu
20.40 Að heiman - íslenskir arkitektar
21.10 9-1-1
22.00 Love Island
22.45 American Gigolo
23.40 The Late Late Show with James Corden
00.25 NCIS
01.10 NCIS. New Orleans
01.55 Law and Order. Organized Crime
02.40 Mayor of Kingstown
03.40 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grand Designs. Australia
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Best Room Wins
10.10 Lego Masters USA
10.50 The Cabins
11.35 BBQ kóngurinn
12.00 America's Got Talent. Extreme
13.25 Franklin & Bash
13.25 Franklin & Bash
14.05 Rax Augnablik
14.10 Family Law
14.55 Skreytum hús
15.05 Grand Designs
15.55 The Masked Singer
17.00 Home Economics
17.20 Franklin & Bash
18.05 Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum.
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.20 Samstarf Fylgjumst með áhrifavöldunum Sunnevu Einarsdóttur og Jóhönnu Helgu Jensdóttur sem eru komnar á slóðina með mögulegt framtíðarstarf?
19.50 Love Triangle
20.40 Vampire Academy
21.35 NCIS
22.20 The Lazarus Project
23.05 The Undeclared War
23.50 Screw
00.35 A Friend of the Family
01.30 Succession
02.35 Magnum P.I.
03.15 The Cabins
04.40 Family Law

Ýttu undir söguna af framhjáhalðinu

Leikkonan Kristbjörg Kjeld fer á kostum í þættinum Mannamál í kvöld og fer yfir langan og litríkan feril. Má þar nefna söguna af kvikmyndinni 79 af stöðinni sem frumsýnd var 1962 og þótti þá næstum klámfengin, svo mikið sást af holdi, en sagan af því að aðalleikarar hennar, Gunnar Eyjólfsson og Kristbjörg, væru raunverulegt par, reyndist lífseig. „Við ýttum bara undir söguna,“ segir dívan í þættinum. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 tungumál
5 draup
6 í röð
8 fréttar
10 tveir eins
11 leturtákn
12 bithagi
13 kríki
15 dysjar
17 afhenda

LÓÐRÉTT
1 planta
2 kropp
3 gerast
4 tormerki
7 meðhöndla
9 aðalsmaður
12 spýtnarusl
14 tímabils
16 sýl

LÁRÉTT. 1 enska, 5 lak, 6 gh, 8 fregna, 10 tt, 11 hantera, 9 greifi, 12 brak, 14 árs, 16 al.
LÓÐRÉTT. 1 eifling, 2 nart, 3 ske, 4 agnúl, 7 rún, 12 beit, 13 nárl, 15 græfar, 17 skilla.

SUDOKU

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
	5		2			3	1	

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6					5	
		3			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI



Tilnefningar til Íslensku myndlistarverðlaunanna 2023 eru kynntar í dag en tilnefnt er í tveimur flokkum.

Myndlistarráð tilkynnti í dag um tilnefningar til Íslensku myndlistarverðlaunanna. Verðlaunin eru nú haldin í sjötta sinn en markmið þeirra er að heiðra og vekja athygli á því sem vel er gert jafnframt því að hvetja til nýrrar listsköpunar. Verðlaunin verða veitt 16. mars við hátíðlega athöfn í Iðnó. Þá verða einnig veitt verðlaun fyrir heiðursviðurkenningu, áhugaverðasta endurlitið, áhugaverðustu sam-sýninguna og fyrir útgefið efni.

Myndlistarmaður ársins
Í flokknum Myndlistarmaður ársins er Finnbogi Pétursson tilnefndur fyrir sýninguna Flói á Kleifum sem sett var upp í Hillebrandtshúsinu í gamla bænum á Blönduósi. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars:

„Finnbogi hefur lengi leitast við að birta okkur hljóð og bylgyr sem eru alla jafna ósýnilegar. Veröldin er meira en það sem við blasir; hún hefur líka tíðni, langar bylgyr og stuttar, grunnar og djúpar, og er að því leyti frekar tónverk en málverk.“

Hrafnkell Sigurðsson er tilnefndur sem myndlistarmaður ársins fyrir sýninguna Upplausn sem sett var upp á yfir 450 auglýsingaskjám fyrir tækisins Billboard víðs vegar um höfuðborgarsvæðið í verkefninu Auglýsingahlé.

„Það er mat dómnefndar að með því að nýta auglýsingaskiltin hafa Hrafnkell og fleiri opnað nýja leið til að miðla myndlist en Hrafnkell sýni líka að skiltin eru ekki bara eins og fletir til að fylla út í, heldur er hægt að nýta þau sem miðil með öllu sem tæknin býður upp á og koma skilaboðunum úr sýningar-salnum út í hversdagslegan veruleika okkar þar sem við þurfum mest á þeim að halda,“ segir í rökstuðningi dómnefndar.

Ingibjörg Sigurjónsdóttir er tilnefnd til sömu verðlauna fyrir sýninguna De rien í Kling & Bang. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars:

„Á sýningunni De rien, í Kling og Bang í júní 2022 hélt hún upp-teknum hætti með verkum úr jafn auvirðilegum efniviði og sandi og pappír. Þótt formið væri dregið niður í einföldustu gerð varð að standa vörð um verkin á opnuninni svo börn, sem slitu sig úr vörslu foreldra sinna, þyrldu þeim ekki upp í byl eða blaðafjúk þegar þau geystust framhjá þeim í eltingaleik um ganga húsnæðisins.



Hrafnkell Sigurðsson er tilnefndur sem myndlistarmaður ársins fyrir sýninguna Upplausn sem sett var upp á yfir 450 auglýsingaskjám um höfuðborgarsvæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Tilnefningar til Íslensku myndlistarverðlaunanna

Fljótt á litið virðist ætlun Ingibjargar vera að gera sem minnst úr nær engu.“

Þá er Rósa Gísladóttir tilnefnd fyrir tvær sýningar, annars vegar Loftskurð í Listasafni Reykjavíkur og hins vegar Safn Rósu Gísladóttur í Listasafni Einars Jónssonar.

„Á fjörutíu ára ferli í höggmynda-list hefur Rósa sýnt víða og hlotið viðurkenningar fyrir. Þó eru verk hennar frekar hljóðlát, fyrst og fremst hugleiðingar um efni og form og samhengi hlutanna. Í þeim má lesa samtal hennar við listasöguna, einkum við móðernisma og framúrstefnulist tuttugustu aldar sem enn er til úrvinnslu á okkar póstmóðernísku tímum,“ segir í rökstuðningi dómnefndar.

Hvatningarverðlaun ársins

Í flokknum Hvatningarverðlaun er Ásgerður Birna Björnsdóttir tilnefnd fyrir sýninguna Snertitaug í Listasafni Reykjavíkur.

„Að mati dómnefndar var sýningin áhrifamikil og virkni tækjanna og starfsemi lífveranna, sem á sér stað að stórum hluta handan beinnar skynjunar mannsins, beindi sjónum að grunneigindum lífs og vaxtar á jörðinni og oft á tíðum klunnalegra aðferða manns-



Finnbogi Pétursson



Rósa Gísladóttir

ins til þess að virkja þessa orku og stýra henni,“ segir í rökstuðningi.

Elisabet Birta Sveinsdóttir er einnig tilnefnd í sama flokki fyrir sýninguna Mythbust í Kling & Bang. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars:

„Elisabet Birta tekur fullan þátt í veröldinni kringum sig og sýning hennar Mythbust í Kling og Bang, sem hún er tilnefnd til hvatningarverðlauna Myndlistarráðs fyrir, eru harkalegir hnefaleikar í heimi sem reynir að skilyrða einstaklinginn



Hrafnkell Sigurðsson



Ingibjörg Sigurjónsdóttir



Íslensku myndlistarverðlaunin verða veitt í sjötta sinn í Iðnó 16. mars næstkomandi.

og þröngva honum til að leika leik hefðbundinnar hegðunar.“

Þá er Egill Logi Jónasson tilnefndur fyrir sýninguna Þitt besta er ekki nóg í Listasafninu á Akureyri.

„Það er mat dómnefndar að Agli Loga takist að fanga lundarfarslega loftvog með málverkum sínum á sýningunni Þitt besta er ekki nóg í Listasafninu á Akureyri, sem hann bregður upp sem meðali við depurð og drunga, eða til að fagna dásemdum tilverunnar,“ segir í rökstuðningi dómnefndar. ■

Enginn dirfðist að segja nei við Stalín

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Verk eftir Rakhmanínoff og Sjostakóvitsj

Einleikari: Sir Stephen Hough
Stjórnandi: Kornilios Michailidis
Eldborg í Hörpu
fimmtudagur 23. febrúar

Jónas Sen

Jósef Stalín hlustaði mikið á útvarp. Kvöld eitt heyrði hann píanókonsert nr. 23 eftir Mozart, og varð frá sér numinn af hrifningu. Enda var konsertinn leikinn af Maríu Yudin, sem naut mikillar hylli í fyrrum Sovétríkjunum. Stalín hringdi því strax í útvarpsráðið, og krafðist þess að fá plötuna með þessari frægu listakonu. „Að sjálfsgöðu,“ var auðvitað svarið. Samt var platan ekki til, og hafði aldrei verið. Stalín hafði nefnilega heyrt beina útsendingu frá tónleikum, og voru nú góð ráð dýr. Enginn dirfðist að segja nei við

Stalín, því afleiðingarnar gætu orðið hroðalegar.

Neyðarkall var því sent til Yudinu, og hljómsveitinni komið á pall á svipstundu. Upptökutækin voru sett í gang, en allt fór í vitleysu vegna þess að hljómsveitarstjórinn var svo hræddur við Stalín. Hann var sendur heim, bilaður á taugum, og annar kallaður til. En allt kom fyrir ekki, og var það loks sá þriðji sem var í nægilegu jafnvægi til þess að upptakan gæti heppnast. Þá var kominn nótt, allir voru í svitabaði en samt tókst að ljúka verkinu. Platan var tilbúin um morguninn – aðeins eitt eintak. Stalín fékk hana senda strax, auðvitað í limósínu.

Umdeild endurminningabók

Í tíundu sinfóníunni eftir Sjostakóvitsj fjallar tónskáldið um ógnarstjórn Stalíns. Það er ef marka má endurminningabók tónskáldsins eftir Solomon Volkov. Sú bók er reyndar umdeild og ekki allir sannfærðir um sannleiksgildi hennar. Sagan hér að ofan er einmitt þaðan.



Mér finnst þó bókin öll trúverðug; óttinn í tíundu sinfóníunni er alltént ápreifanlegur.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið stjórnaði Kornilios Michailidis og gerði það ágætlega. Mjög krefjandi raddir tréblásaranna voru listilega útfærðar og heildarhljómurinn í verkinu var sannfærandi. Túlkunin var spennuþrungin og stígandin í henni var markviss. Það var helst hinn hraði annar kafla sem var dálítið laus í reipunum, hann var

vissulega snarpur eins og hann átti að vera, en nákvæmnin í samspilinu hefði getað verið meiri.

Tónlistarskólinn í helvíti

Hitt verkið á efnisskránni var annar píanókonsertinn eftir Rakhmanínoff. Sú godsögn hefur gengið um konsertinn að hann hafi verið saminn í daleiðslu. Það er orðum aukið. Rakhmanínoff missti sjálfstraustið þegar frumflutningurinn á fyrstu sinfóníunni hans misheppnaðist. Hljómsveitarstjórinn var fullur og í

Píanóleikarinn Sir Stephen Hough kom fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðasta fimmtudagskvöld.

MYND/ÆSEND

gagnrýni eftir tónleikana var sagt að sinfónían gæti verið verk um plágurnar sjö í Egyptalandi, eftir nemanda í tónlistarskólanum í Helvíti.

Til að komast yfir áfallið fór Rakhmanínoff í tíma hjá sálfræðingnum Nikolai Dahl, sem dáleiddi hann og hjálpaði honum þannig að endurheimta sjálfstraustið. Upp úr því fór hann að semja aftur og skömmu síðar leit píanókonsertinn dagsins ljós.


Þessi vinsæli konsert hefur oft verið fluttur hér á landi og núna var komið að Sir Stephen Hough að leika einleikinn. Spilamennskan var glæsileg, full af krafti þegar við átti. Laglínurnar voru fallega mótaðar og tæknilega séð var leikurinn tær og nákvæmur. Eina undantekningin var byrjunin á síðasta kaflanum, sem var nokkuð subbuleg. En heildarmyndin var stórbróttin og endirinn tilkomumikill, enda var einleikaranum ákaft fagnað. ■

NIDURSTAÐA: Magnþrungin sinfónía og flottur píanókonsert.

Birnir á hvíta tjaldinu

Útúrkókaða bjarnkýrið í Cocaine Bear braust inn í kvikmyndahús á Íslandi rétt fyrir helgi. Þó að sitt sýnist hverjum um hvort hér sé á ferðinni leiðinda flopp eða finasta skemmtun þá er þetta ágætistilefni til að rifja upp ógurlegustu bjarnkýr kvikmyndasögunnar.

arnartomas@frettabladid.is



Kókainbjörninn þurrnasa gefur hugtakinu „hvítabjörn“ sannarlega nýja merkingu.

MYNDIR/SKJÁSKOT



Toy Story 3
(2010)

Það hlýtur að vera í lagi að kjafta frá plottinu í þriðja bindi Leikfangasögu þrettán árum eftir að hún kom út. Faðmfúsi bangsinn Lotso er ekki jafn kærleiksrikur og hann virðist í fyrstu og u-beygja hans frá vinalegum eldri borgara yfir í rættinn skúrk tekst virkilega vel í þessari frábæru mynd.



Winnie the Pooh: Blood and Honey
(2023)

Það virðast engin mörk vera fyrir því hvaða ástkæru persónur fólk er tilbúið að vanhelga til þess að maka krókinn. Í þessu nýútgefna pyntingaklámi eru Bangsímón, Grislingur og félagar orðnir að kaldrifjuðum morðingjum sem niðast á vini sínum sem dirfðist að yfirgefa þá til að fara í háskóla. Niðurstaðan er því miður arfaslökk og réttlætir ekki þessa saurgun á efniviðnum.



Revenant
(2015)

Kvikmyndaakademian lúffaði loksins árið 2016 og ákvað að gefa Leó litla Óskarinn fyrir leik sinn í myndinni Revenant. Eftir fimm tilnefningar þótti glíma DiCaprio við blóðugan björninn nægilega góð til að hann fengi gullstýttuna góðu.




The Edge
(1997)

Er til kvikmyndaleigulegri mynd en The Edge með Antony Hopkins og Alec Baldwin? Ef fyrri innsölg á þessum lista hafa ekki gefið ykkur nægilegar vísbendingar þá þurfa okkar menn, eftir að hafa brotlent í óbyggðum Alaska, að takast á við bjarnkýr sem eltir þá uppi. Bónusstig fyrir Elle McPherson í afar vafasömum frumbyggjabúningi sem yrði snarlega tilefni til slaufunar í dag.



Annihilation
(2018)

Vísindatryllirinn Annihilation flaug því miður undir ratsjána hjá mörgum. Þeir sem sáu myndina munu hins vegar seint gleyma viðurstygglega birninum, ef björn skyldi kalla, sem runnið hafði saman við förnarlömb sín. Ef það er ekki nóg þá framkallar hann raddir þeirra til þess að tæla matinn beinustu leið upp í gin sitt. Frumleg hönnun og finasti eldiviður í martraðir.



Grizzly
(1976)

Eftir að hákarlinn í Ókindinni gerði allt vitlaust árið 1975 reyndu hinir og þessir að synda í kjölfar hans með sínar eigin ræmur um mannýgar skepnur. Ein þeirra var kvikmyndin Grizzly sem kom út ári síðar og segir frá birni sem hefur komist á bragðið með mannakjöt. Jeminn. Það vantaði þó alla þá natni sem lögð var í Ókindina og áhorfendum og gagnrýnendum þótti bangsinn heldur linur. Það er þó næstum því þess virði að horfa á myndina til þess eins að sjá björninn sprengdan með basúku í lokin.

Lyfjaval



HEILSA & HAMINGJA



Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

SIGURÐUR SIGURJÓNSSON YLFA MARÍN HARALDSDÓTTIR ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON (LADDI)
ANDREA ÖSP KARLSDÓTTIR VIKTOR MÁR BJARNASON KOLBRÚN MARÍA MÁSDÓTTIR
ÁRNI BEINTEINN SELMA LÓA BJÖRNSDÓTTIR VILLI NETÓ

Ástrikur & Steinríkur

MIDRÍKIÐ

FRUMSÝND 3. MARS

LAUGARÁS  BÍÓ

BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ





Guðfinna Birta Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Endósamtakanna, um borð Túrbusi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Minna á blóðuga alvöru með túrtappastrætónum

Endósamtökin vígðu í gær túrtappa-strætóinn Túrbus á upphafsdegi Endómars. Guðfinna Birta Valgeirsdóttir segir mikilvægt að fólk átti sig á því að verkir séu ekki eðlilegt ástand.

oddurævar@frettabladid.is

„Það er ekki nóg með að endómetríósa sé ekki tekin nægilega alvarlega sem sjúkdómur heldur er hún mjög algeng í þökkabót,“ segir Guðfinna Birta Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka um endómetríósu sem sviptu í gær hulunni af Túrbus – túrtappastrætónum.

Hún segir einn af hverjum níu sem fæðist í kvenlíkama vera með sjúkdóminn. Hann sé því jafnalgengur og sykursýki án þess að hafa vakið mikla athygli.

„Kannski vegna þess að þetta hefur verið feimnismál og konum hefur verið sagt að harka þetta af sér frekar en að vera með þetta væl. Þannig að okkur datt í hug að vera með ögrandi strætó sem mun kannski særa blygðunarkennd einhverra en er engu að síður mjög nauðsynlegur í okkar starfi.“

Guðfinna segir alveg ljóst að strætóinn muni vekja mikla athygli á götum úti en Þórdís Elva Þorvaldsdóttir átti hugmyndina að því að breyta strætisvagni í túrtappa.

„Við ræddum alls konar frábærar hugmyndir en Þórdísi datt þetta í hug og það var aldrei spurning. Auðvitað! Þetta er alveg eins í laginu og þetta smellpassar við slagorðið okkar, sem er „Blóðug alvara““

Guðfinna segir eina alvarlegustu afleiðingu þeirrar ranghugmyndar að sársaukafullir móðurlífsverkir séu eðlilegir þá að greiningartími endómetríósu sé sjö til tíu ár. Eitt ár sé talið langur tími þegar um aðra, sambærilega algenga sjúkdóma er að ræða.

„Við viljum líka gera fólki viðvart um það að tíðir eru eðlilegar en verkir eru það ekki. Að vera með verki er ekki eðlilegt ástand undir neinum kringumstæðum. Þetta er líka einmitt til þess að



Margir munu líklega snúa sér við er túrvagninn ekur fram hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óbærilegir verkir eru ekki eðlilegir einu sinni í mánuði. Það er bara engan veginn þannig.

Guðfinna Birta Valgeirsdóttir

fá fólk til þess að hugsa: „Heyrðu já, ég er alltaf með verki, er það kannski ekki eðlilegt?““ Guðfinna bætir því við að þannig sé líklega fullt af fólki sem burðist með sjúkdóminn og þá verki sem honum fylgi, án þess að hafa hugmynd um að þar sé ekki á ferðinni eðlilegt ástand.

„Við viljum að fólk fái greininguna fyrr og líka eyða þessum gömlu tuggum um að svona sé það að vera kona. Óbærilegir verkir eru ekki eðlilegir einu sinni í mánuði. Það er bara engan veginn þannig,“ segir Guðfinna.

„Stundum getur þetta líka verið mjög erfitt þegar það er kona að tala við konu, einhver sem kannski upplifir aldrei verki segir kannski: „Já, ég meina, þetta er ekkert svona slæmt, ég fer sjálf á blæðingar og ég fæ aldrei svona verki, þetta er ekkert svona,“ á meðan hin kannski er alveg frá þrjá daga í mánuði og meðvitundarlaus af verkjum.“ ■



Boðið var upp á skot úr svokölluðum túrbikurum við vígslu Túrbus túrtappastrætósins.



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

